

birta

» gómsæt og girnileg

JÓLABIRTA

Alls konar girnilegur jólamatur

VINNAN

Í flestum störfum reynir
stundum á þolrifin

TÍSKA

Herrakúltúr

» Hrefna Rósa Jóhannsdóttir Sætran

Eldar bæði í
vöku & draumi

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
16. desember – 22. desember

L' O R

**12 SINNUM MEIRA UMFANG AUGNHÁRANNA.
TAKMARKALOUS DJÖRFUNG!**


Aishwarya Rai sést hér með Volume Shocking í svörtum lit

É

A

L



PARIS



NÝTT VOLUME SHOCKING

TVÖFALDUR MASKARI SEM EYKUR UMFANG AUGNHÁRANNA

SKREF 1: Grunnur sem undirbýr og mótar augnhárin þannig að útkoman verður enn greinilegri.



SKREF 2: Greiða sem inniheldur maskara auk blöndu sem eykur umfang augnháranna og lengir þau.



4 ára rannsóknir á 16 einstaklingum. Vísindalega sönnuð áhrif. ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILID.

www.lorealparis.com

L'ORÉAL PARIS

MAC



Christian Dior



LANCÔME



rifka
FARMACIA



VIÐ LOFUM ÖLLU FÖGRU

Snyrtivöruhús Debenhams er engin venjuleg snyrtivörudeild. Hvert vörumerki hefur sitt svæði eins og tíðkast í helstu tískuvöruhúsum heimsins. Sérfræðingar Debenhams vita allt um vörurnar og gefa þér falleg ráð. Komdu og njóttu þín hjá okkur.



DEBENHAMS

SMÁRALIND

Desemberup

Bjóðum nokkra valda bíla á frábæru tilboðsverði



Polo

Verð áður ~~1.395.000~~ kr.

Tilboðsverð 1.290.000 kr.

129.000 kr. útborgun og 16.900 kr. afborgun á mánuði *

Golf

Verð áður ~~1.890.000~~ kr.

Tilboðsverð 1.760.000 kr.

176.000 kr. útborgun og 23.290 kr. afborgun á mánuði *

Golf Plus

Verð áður ~~2.090.000~~ kr.

Tilboðsverð 1.950.000 kr.

195.000 kr. útborgun og 25.790 kr. afborgun á mánuði *

Þrótt

og einungis 10% útborgun



Jetta

Verð áður ~~1.990.000 kr.~~

Tilboðsverð 1.870.000 kr.

187.000 kr. útborgun og 24.690 kr. afborgun á mánuði *



Passat

Verð áður ~~2.490.000 kr.~~

Tilboðsverð 2.340.000 kr.

234.000 kr. útborgun og 30.890 kr. afborgun á mánuði *



Aus Liebe zum Automobil

ora



JÓLASÍLDIN
2005

Gleðileg jól!

www.ora.is



50



24



16



38

Þetta helst

- 11 Töfraskór
- 12 Tíðarandi
- 14 Brennsla Páls Hilmarssonar
Birta mælir með
- 16 Kúltur fyrir kúl karlmenn
- 18 Ófeigur Sigurðsson
Frekar næturvörður en skáld
- 20 Sverrir Magnús prins
- 22 Hvað þýðir það?
Þýddar skáldsögur fyrir jólin

Viðtöl og greinar

- 24 Hrefna Rósa Jóhannsdóttir Sætran
Eldar bæði í vöku og draumi
- 28 Störf þar sem reynir á þolrifin

Hann hún

- 36 Brynhildur Björnsdóttir stingur í samband
Stjórnuspa Birtu
- 38 Margrét R. Jónasdóttir
Allt um útlitið
- 40 Feðgin
Egill Jóhannsson og Marta Egilsdóttir
- 42 Heilsa
- 44 Persónuleikapróf
Brosað gegnum tárin

Jólabirta

- 46 Heimagert hátíðarkonfekt
- 48 Eplailmur í húsinu
- 50 Smáréttir við ýmis tækifæri
- 54 Þuríður Sigurðardóttir
Rjúpurarnar hluti af jólonum
- 58 Kaffi sem kitlar bragðlaukana
- 62 Jólailmur í bænnum
- 66 Fiskur á jólaföstu
- 68 Borðum góðu gjafirnar
- 70 Gunnar Hersveinn
og Friðbjörg Ingimarsdóttir
gætt að hafa breytilegan jólamat

Í hverju blaði

- 74 Sudoku
- 77 Sjönnvarpsdagskrá næstu viku

birta

16. desember - 22. desember 2005 nr. 50

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar
RITSTJÓRAR: Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is
og Sigríður Björg Tómasdóttir
sigridur@frettabladid.is
ÁBYRGÐARMAÐUR: Steinunn Stefánsdóttir
RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR:
Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 550 5000
DREIFING: Pósthúsið ehf., sími 585 8330

AUGLÝSINGAR:
Laila Awad / laila@365.is
Sölustjóri 550 5848 / 824 2356
Ester Sigurðardóttir / ester@365.is
Sölufulltrúi 550 5828 / 899 7600
Ámundi Ámundason / amundi@frettabladid.is
Sölufulltrúi 550 5811 / 821 7514
Guðný Magnúsdóttir / gudnymagg@365.is
Sölufulltrúi 550 5854 / 866 0796

UMBROT: 365 – prentmiðlar
Kristín Agnarsdóttir, Sigurður B. Sigurðsson og
Einar Elí Magnússon
PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf.
FORSÍÐUMYND: Teitur
NETFANG: birta@frettabladid.is
Birtu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi og Hveragerði.

Nýtt!



VISALán
- HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

Dreifðu staðgreiðslunni

VISA Lán er ný og hagstæð leið til greiðsludreifingar við kaup á vörum eða þjónustu.

- + Staðgreiðsluverð
- + Lægri vextir
- + Lægri kostnaður
- + Til allt að 36 mánaða
- + Framlengdur ábyrgðartími
- + Flutningstrygging
- + Vildarpunktur

VISA

Spurðu um **VISALán**

Nánari upplýsingar á www.visa.is/visalan
eða í síma 525 2000

Töfraskór

Þegar aðfangadagur jóla rennur upp fyllast allir hátíðlegri tilfinningu. Allir á heimilinu fara í bað og hreinlætislyktin fyllir húsið. Það er spenningur í loftinu þegar fjölskyldumeðlimir fara í sitt finast púss. Hver einast flík er tandurhrein og sumar líka splunkunýjar. Það sem er samt hátíðlegast af öllu er að fara í spariskóna. Spariskór eru eins konar töfraskór.

Eins og skórnir hennar Dóróteu í Galdrakarlinum í Oz gátu flutt hana til ævintýralands geta spariskór flutt eiganda sinn inn í hátíðarland. Spariskór eru líka einu skórnir sem má vera á bæði úti og inni. Þó að þú farir út á skónum, rekur þig enginn úr þeim þegar þú kemur inn því þeir eru spariskór. Allar reglur verða að engu þegar þú ert í spariskónum. Sá sem er í spariskóm má vaka lengur, borða meira sælgæti og gera ýmislegt sem annars má ekki. Spariskór eru örugglega bestu skór í heimi og það er í raun og veru nóg að horfa á þá til þess að fyllast hátíðlegri tilfinningu.



heitt & kalt

Heitt



ÍSLENSKU JÓLASVEINARNIR Þeir eru klæddir í hátískuvöruna lopapeysur, þeir eru miklir útivistarmenn og með einkar karlmannlegan skeggvöxt. Svo eru þeir í miklu betra formi en frændi þeirra, fitubollan Heilagur Nikulás.

Volgt



KÚREKASKYRTUR OG KÚREKASTÍGVÉL Nú berst Hallbirni liðsauki að sunnan í kúrekastílnum. Það verður æ algengara að sjá unga menn spígspora í kúrekastígvélum á Laugaveginum.

Hvorki heitt né kalt



TATTÚ Ef tattú þýðir eitthvað persónulegt sleppur það. Trúartákn og myndir sem einhver nákominn þér teiknaði eru leyfileg. Tribal tattú og gaddavír á upphandleggsvöðva eru alveg úti.

Við stofuhita



OFBELDISFULLIR TÖLVULEIKIR Hvað er gaman við að spila rappara með plastkjálka í tölvuleik þar sem allt gengur út á að skjóta? Hvað varð um að hoppa á gæsir í skjaldbökskeljum og bjarga prinsessum?

Ískalt



OFKREYTT HÚS Skreytum hús með greinum grænum, ekki mörg þúsund ljósaperum og uppblásnum hreindýrum í jólasveinabúning. Allar skreytingar sem blikka eru bannaðar.

Jólaangist » Síðasta vikan fyrir jól

Síðasta vikan fyrir jól og núna er tíminn sem jólastressið fer í botn. Sama sagan ár eftir ár. Um hver jól segjum við við okkur sjálf, næstu jól



mun ég byrja fyrr. En hvað gerist? Þann 20. desember hellast yfir okkur jólin. Þau hellast ekki þannig yfir okkur að við fyllumst gleði og friði. Fjarri lagi. Jólin hellast yfir okkur, hjartslátturinn eykst, raunveruleikinn nær tókum á okkur, adrenalínið opnar augu okkar og við sjáum að við erum erum við það að klúðra jóluunum, tíunda árið í röð. Ekki er búið að skúra, silfrið er óþússað, gjafirnar ókeyptar, ekki er

búið að skipta á rúminu, börnin eru óklippt, jólaþjöllinn enn í búðinni, jólatrén eru uppseld, serían er ónýtt og vægast sagt er allt í volla. Þá er rokið af stað til að redda því sem reddað verður og á meðan reddingunni stendur heyrst tuldrað... næstu jól mun ég byrja fyrr.

jólamaturinn » *Betur kominn heima en í búðinni*


Fyrir nokkrum árum síðan gildi lögmálið sá fær sem fyrstur nær þegar kom að matarinnkaupum fyrir jólin. Síndi fólk ekki fyrirhyggju gat það fundið sig í þeim sporum að áætlaður jólamatur var barasta ekki til í búðinni. Núna er málum kannski lítið eitt öðruvísi farið en lesendum Birtu er engu að síður ráðlagt að drífa sig í matvörubúðina og kaupa jólamatinn sem fyrst. Fyrir utan það að gott er að koma því frá getur maður aldrei verið öruggur. Sölubann á rjúpum gæti til dæmis haft þær afleiðingar að allir kaupa kalkúninn sem þú ætladir að kaupa. Kannski verða sveppirnir bara búnir á Þorláksmessu eða Makkintossið uppselt. Og hvað gera svangir jólamagar þá?



» Jólakort
Jólakortin fyrir jól



Nú fer hver að verða síðastur að senda jóla-kortin ef þau eiga að komast til skila fyrir jól. Það er ágætt að taka eitt kvöld í það að skrifa jóla-kortin og reyna þá að virkja alla fjölskylduna. Þeir sem eru of litlir til þess að skrifa ættu að minnsta kosti að geta lokað umslögum og sleikt frímerki svo allir geta fengið eitthvað starf við sitt hæfi.



umferðin á hvoli » gulur, rauður, grænn og blikkandi

Nú þegar desember er kominn er hver einasti landsmaður sífellt á ferðinni frá og með núna þar til klukkurnar hringja á aðfangadag. Götur verða stútfullar af óþolinmóðum öikumönnum sem sýður á af bræðinni yfir því að komast ekki í næstu búð hið snarasta. Til að léttja öllum lundina og auðvelda umferðina vill Birta biðja öikumenn að nota stefnuljósinn. Stefnuljósinn segja hinum brjáluðu öikumönnum til um hvað þú ætlar að gera og auðvelda þeim að haga sínu ökulagi eftir því. Einnig eru öikumenn beðnir um að taka af stað þegar ljósið er orðið grænt en ekki drolla við að stilla á jólalög í útvarpinu. Enn fremur er þess krafist að öikumenn stoppi á gula ljósinu en haldi ekki að þeir megi halda áfram á rauðu bara af því þeir komu á gatnamótin meðan ljósið var enn grænt. Munið svo að anda og blása.

Til hvers að flækja hlutina?

- ~~Margmiðlunar GSM sími~~
- ~~Myndavél: VGA, 2.0 megapixel, mest 1632x1224 punkta upplausn, með sjálfvirkum fókus.~~
- ~~Hreyfimyndir í stærð 176x144 punktar~~
- ~~Skilaboðþjónusta: MMS, SMS, EMS skilaboð~~
~~POP3 og IMAP tölvupóstur.~~

Farsímar nú til dags geta gert allt mögulegt: Spilað tónlist, tekið myndir, opnað niðursuðudósir og snyrt skegg. Sumir hafa bara engan áhuga á að flækja málin. Það er til fólk sem vill bara góðan síma til að hringja úr og senda skilaboð. Vodafone Simply er farsími fyrir þannig fólk: Einfaldur, stílhreinn og þú lærir strax að nota hann.

Vodafone Simply

Hafðu það einfalt um jólin



Vodafone Simply
Sagem VS2
9.900 kr.

*** 14 daga skilaréttur.**
Skilaðu símanum ef þú skilur hann ekki!

Vodafone Simply er eingöngu hægt að nota með simkort frá Og Vodafone.
Komdu í næstu **Og Vodafone verslun**, smelltu þér á www.ogvodafone.is eða hringdu í 1414 og fáðu nánari upplýsingar.



Heyrumst!



LIÓSMYND/VILHELM



brennslan mín ...
Páll Hilmarsson

Íslensk brennsla á jaðrinum

Páll Hilmarsson háskólanemi hóf fyrir ekki svo löngu síðan að safna kassetturnum á gamla mátann sem bæði hann og aðrir hafa sett saman. Hann hefur birt þær á heimasíðunni mixteip.kaninka.net við miklar vinsældir tónlistaráhugamanna. Birta ákvað þess vegna að draga Pál með sér inn í nútímavæðinguna og fékk hann til þess að gera eitt stykki brennslu. „Þetta er íslensk jaðartónlist sem mér finnst ekki fá nógu mikla athygli en er samt mjög skemmtileg.“ Páll segist mest vera fyrir þungt rokk en auðvitað hlusti hann á alls kyns tónlist. „Ég er til dæmis mest að hlusta á kántrí núna,“ segir Páll að lokum og skammast sín ekkert fyrir það.

- TRACK 1** **FUTURE IN YOU – I ADAPT** I Adapt er besta hardcore band Íslands fyrr og síðar. Glænýtt demó sem fáanlegt er á heimasíðunni www.iadapt.net.
- TRACK 2** **A PUNK ROCK JOURNEY TO THE CENTER OF THE EARTH – THE DEATHMETAL SUPERSQUAD** Deathmetal Supersquad er sömuleiðis besta fólkpönk hljómsveit Íslands fyrr og síðar. Heimasíða: www.myspace.com/thedeathmetalsupersquad
- TRACK 3** **TIL HVERS? – MORÐINGJARNIR** Ef ekki væri fyrir Djöflana frá Keflavík þá væru Morðingjarnir besta pönkhljómsveit Íslands í dag. Morðingjarnir búa hér: www.myspace.com/mordingjarnir
- TRACK 4** **HVAÐ ER ÞETTA HELVÍTIS EITTHVAÐ? – INNVORTIS** Tónleikar með Innvortis eru stórkostleg upplifun. Ef þeir hunskuðust til þess að gefa meira út þá yrðu þeir heimsfrægir en kannski er það ekkert eftirsóknarvert.
- TRACK 5** **GULLFISKASCHNITZEL MIT POMMEFRIT – VIÐUR-STYGGÐ** Við erum viðurstyggð og viðurstyggð er best.
- TRACK 6** **BRENNUM KELDUR TIL GRUNNA – HRYÐJUVERK** Það er til fólk sem sættir sig ekki við dýratilraunir. Ég og Hryðjuverk erum í þeim hópi. Frábært lag. Meira hér: www.myspace.com/hrydjuverk
- TRACK 7** **...SO THIS IS – MY SUMMER AS A SALVATION SOLDIER** Af fyrri plötu MSAASS, eða Þóris, sem kom út í fyrra. Nýja platan hans, Anarchists Are Hopeless Romantics er sú besta sem hefur komið út hér á landi á, á þessu ári. www.php.12tonar.is/thorir
- TRACK 8** **ÍSLAND BRENNUR – DYS Siggí** Pönk og hinir pönkarnir í DYS bera takmarkaða virðingu fyrir þjóðríkinu. Það er vel.
- TRACK 9** **IS ONLY A WORD – GAVIN PORTLAND** Gavin Portland eru ein af mínum uppáhalds hljómsveitum í dag. Vonandi taka þeir eitthvað upp fljótlega. Þangað til má hlusta á tvö lög hér: www.myspace.com/gavinportland
- TRACK 10** **GÍTARLAGIÐ – MAMMÚT** Kannski fær þetta að heita eitthvað annað þegar platan þeirra kemur út eftir áramótin. Í það minnsta verður það besta plata næsta árs.

» birta mælir með...

... JÓLAHLAÐBORÐINU Á VOX.
Dásamlegir forréttir, ljúffengir aðalréttir og ómótstæðilegir eftirréttir eru á boðstólum á jólahlaðborði Vox. Birta gæddi sér á kræsingunum í hádeginu og mælir sérstaklega með andapatéinu, grafna lambinu, sjávarréttunum og súkkulaðímúsinni. Sælkerar ættu ekki að láta jólahlaðborðið fram hjá sér fara.



... ILLINOIS MEÐ SUFJAN STEVENS

Plata sem kom út um mitt þetta ár frá einum hæfileikaríkasta tónlistarmanni sem komið hefur fram á sjónarsviðið síðustu ár. Stevens fór



í það göfuga verkefni að gera plötur um hvert einasta fylki Bandaríkjanna og er Illinois önnur í röðinni. Öll lög plötunnar tengjast fylkinu á einhvern hátt. Yndislega fallegar poppmelódíur gefa plötunni einstæðan karakter þó oft reynist mikil ádeila eða jafnvel depurð að baki. Plata ársins?

EGILS MALT OG APPELSÍN Gamla góða jólablandan stendur alltaf fyrir sínu. Margir spara sér það að blanda saman maltið og appelsínið þangað til á aðfangadag jóla en svo eru sumir (eins og Birta) sem stelas til að kaupa sér jólablönduna úti í sjoppu og þamba af mikilli áfergu. Hlutfallið á maltinu og appelsíninu er á einhvern máta fullkomið og er þessi fallega dós því sannkallaður boðberi jóla.



NÝTT

Ófétin komin á kreik

Um jólin eru ýmis ófeti á sveimi og vart hægt að hafa tölu á þeim öllum. Þar má auðvitað fyrst telja gömlu íslensku jólasveinana sem geta verið hin verstu ófeti og þá eru foreldrar þeirra og gæludýr síst betri. En fleiri ófeti eru komin til sögunnar og þau má til að mynda finna í þessari skrítnu og skemmtilegu barnabók hennar Rúnu K. Tetzschner, Ófétabörnin.




Ófétin hennar eru litlar verur sem búa í blómum og fljúga um á fiðrildum. Í Ófetaheimi er hið smáa risavaxið og allt er fullt af undrum og óvæntum upptökum. Þetta er falleg veröld en eins og í mannheimum er ekki allt með felldu því gullin-hærðu og svarthærðu ófétin eiga í eilífu stríð sín á milli. Ófétabörnin komast hins vegar að því að ekkert skilur á milli þeirra nema háraliturinn. Þetta er boðskapur sem á erindi við marga og því ættu fleiri en bara börnin að kíkja á þessa fallegu bók og muna að það geta ekki allir haldið gleði- og friðarjól en það er markmið sem við megum aldrei missa úr augsyn.



GJAFAKORT!

GEFÐU EFTIRMINNILEGA UPPLIFUN
ÞÚ GETUR VALIÐ ÚR FJÖLBREYTTRI DAGSKRÁ



BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞÚ FINNUR VARLA GLÆSILEGRI GJÖF! Gjafakort í Borgarleikhúsið gilda endalaust

568 8000 www.borgarleikhus.is

JÓLAHROLLUR Í HÁDEGINU

**UPPLESTUR KL.12:15
ALLA DAGANA**

Einn af öðrum tínast spennusagnahöfundarnir í Þjóðmenningarhúsið á aðventunni og skjóta áhlyðendum skel í bringu með hrollvekjandi upplestri úr nýjum verkum sínum:



16. 12

Þráinn Bertelsson
Valkyrjur

17. 12

Hreinn Vilhjálmsson
Bæjarins verstu

18. 12

Guðrún Eva Mínervudóttir
Yosoy

19. 12

Víktor Arnar Ingólfsson
Afturvelding

20. 12

Stefán Máni
Túristi

21. 12

Reynir Traustason
Skuggabörn

22. 12

Jón Hallur Stefánsson
Krosstré

23. 12

Arnaldur Indriðason
Vetrarborgin
Ingvar E. Sigurðsson les

Óknyttalegt tilboð á blóðrauðri raudrófusúpu eða súpu dagsins á veitingastofunni Matur og menning.

Jólakort hinsins, bækur og forvitnileg hollusta til sölu í versluninni.



ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ
THE CULTURE HOUSE

Þjóðmenningarhúsið
Hverfisgötu 15, 101 Reykjavík
sími 545-1400
thjodmenning@thjodmenning.is
www.thjodmenning.is

KÚLTÚR

»fyrir últrakúl karlmenn«

Um síðastliðin mánaðamót opnaði tískuveldið NTC nýja verslun við nýppgerðan Laugaveg. Verslunin ber nafnið Kúltúr og er ætluð háklassa herramönnum frá 25 ára aldri.

Þetta er fyrsta sérhæfða herrafataverslun fyrirtækisins en herrafatnaður hefur þó í fjölda ára verið seldur í Gallerí Sautján og Companys og svo hafa verslanirnar Deres, Smash og Retro selt strákaföt fyrir yngri markhóp.

Í Kúltúr er mikið úrval af hágæðafatnaði, grúví gallabuxur og leðurjakkar í bland við hugguleg há móðins jakkaföt. Þar sem jólahátíðin nálgast ber kannski meira á fatnaði í sparilegri kantinum um þessar mundir enda vilja menn skarta sínu finasta yfir hátíðirnar. Jakkafötin í Kúltúr eru frá flottum merkjum, úr góðum efnum og myndu sóma sér vel í hverskyns jólaboði eða við önnur veisluhöld.

Paul Smith bindin krydda svo heildarútlitið, þau eru afskaplega litrík með fallegum munstrum og úr hágæða silki.

Einnig er fínt úrval af flottum fylgihlutum sem væru tilvaldir í jólapakkann, tösukur, hanskar, sokkar, hattar, ermahnappar og margt fleira.



**20% afsláttur.
Af öllum ljósum og
gjafavörum fram til jóla**



local
Húsgögn og gjafavara

Skeifan 3A við hlið
Atlantsolíu 108 Reykjavík
Sími: 517 3600 • Fax: 517 3604
mylogo@mmedia.is
www.local1.is

igma
VORSLUN

Opnunartími virka daga 11-18
og laugardaga 10-14
Igma ehf. Kleppanarveg 8, 104 Reykjavík
Igma Húsnæðis- og Búnaðisráðgjafi
Sími 022 1144, www.igma.is

Ný sending

Hér erum við

**Jólagjöfin
2005!**

Elmhæð mynd
Elmhæð sárstakid
Gjafakort fyrir karla
og konur
Værðan með
sárstökku, reklin af
stíllinu

TÍSKA OG STÍLL
SUNNUMÖRK 2, HVERAGERÐI
S: 022 0191 E: 022 0197
www.local1.is

PAS
Ríco Vefo
stíllstar

GLÆSILEG JÓLAFÖT
str. 36 – 56

Rita

Bæjarlind 6, sími 554 7030
Eddufelli 2, sími 557 1730



Texti: STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON Myndir: VALLI

Lít frekar á mig sem naturvörð en skáld

Ófeigur Sigurðsson er einn af höfuðpaurum hins alræmda Nýhil-hóps sem hefur vakið nokkra athygli fyrir ýmsa menningartengdar upptákum. Fyrir stuttu gaf Ófeigur út fyrstu skáldsögu sínu, *Áferð*. Bókin er sú fyrsta sem útgáfan Traktor á Ísafirði sendir frá sér. Ófeigur segist ánægður með afraksturinn en Birta vildi fá að kynna sér þennan unga og efnilega rithöfund betur.

HVENÆR HÓF NÝHIL-HÓPURINN GÖNGU SÍNA OG HVER ERU MARKMIÐ HANS?

Hann var stofnaður í Berlín árið 2002 af Hauki Má Helgasyni, Eiríki Erni Norðdahl og fleiri. Hann varð samt til sem hópur árið 2003 þegar við ferðuðumst um landið og lásum þar upp ljóð. Þar var ég með í för og seinna gaf ég út mína fyrstu ljóðabók undir merkjum Nýhils. Annars held ég að markmið eða tilgangur hópsins séu engin, bara núll. Kannski helst að skapa gleði eða ánægju á meðal lesenda og róta aðeins í vanabundnu tilfinningalífi landsmanna.

HVAÐ HEFUR ÞÚ GEFIÐ ÚT ÁÐUR?

Ég gaf út ljóðabókina *Skál* fyrir skammdeginu sem kom út árið 2001 hjá Nykri og árið 2003 kom út *Handlöngun* hjá Nýhil. *Áferð* er fyrsta skáldsaga mín og hefur verið rúm fjögur ár í vinnslu. Hún er fyrsta bókin sem kemur út á vegum Traktors sem er undirforlag Bjarts og er með höfuðstöðvar sínar á Ísafirði.

AÐ HVADA LEYTI ER SKÁLDSAGAN ÞÍN FRÁBRUGÐIN ÖÐRUM OG HVERS MÁ FÓLK VÆNTA AF LESTRI BÓKARINNAR?

Frásögnin er ekki línuleg, það er enginn beinn söguþráður heldur meira svona sögunet. Allur tíminn er í einum punkti, ekkert eitt gerist á

eftir öðru heldur blandast allt saman. Tíminn skiptir engu máli í þessari bók. Það eru heldur engar löggur í bókinni og aðalpersónan hefur andstyggð á orðaleikjum. Fólk má því vonandi vænta ágættrar skemmtunnar. Ég hugsa að allir ættu að njóta lestursins ef þeir hafa gaman af smá sprelli og fíflangangi. Stíllinn hjá mér er svona blanda af talmáli og hefðbundnu ritmáli. Alltaf fjör og hasar á hverju síðu.

ERTU ÁNÆGÐUR MEÐ ÚTKOMUNA?

Já, ég er stórkostlega ánægður með útkomuna.

ERTU ÞÁ STRAX BYRJAÐUR AÐ VINNA AÐ NÝRRI BÓK?

Ég er með tveir í vinnslu. Önnur kemur út í vorholli ljóðabókaseríunnar sem Nýhil hefur verið að gefa út. Fyrstu bækurnar komu núna út um daginn og síðan koma hinar út í maí en þessi ljóðabókasería kallaðist Norrænar bókmenntir. Svo er ég með aðra ljóðabók sem ég hef verið að vinna að síðastliðin fjögur ár og stefni að því að koma henni út á næsta ári líka.

HVORT LÍTURÐU MEIRA Á ÞIG SEM SKÁLD EÐA RITHÖFUND?

Ég lít eiginlega á mig sem hvorugt, ég lít frekar á mig sem naturvörð. Það væri samt fint ef maður fengi einhverja peninga fyrir skrif sín í framtíðinni.

risaSMÁR



BEIENSKA AUGLÝSINGASTOFNANISKILS TOY #4673 12/085

Nýr Yaris. Hann er risaSMÁR

Það er gott að vera lítill. Það er gott að vera stór.

En risaSMÁR er snilld.

Stúfur er lítill. Samt er það alltaf stór stund þegar hann kemur til byggða. Stúfur setur gjafir í alla skó, hvort sem þeir eru á jarðhæð eða á áttundu hæð. Hann getur allt sem stóru sveinarnir geta - kannski meira. Stúfur er risaSMÁR. Nýr Yaris er risaSMÁR. Yaris hefur eiginleika stórs bíls í litlum bíl, tilfinninguna fyrir stórum bíl í litlum bíl, rými stórs bíls í litlum bíl.

Það er gott að vera lítill. Það er gott að vera stór.

En risaSMÁR er snilld.



Verð frá **1.359.000** kr.




TODAY TOMORROW **TOYOTA**



Sverrir Magnús nýfæddur. Hákon faðir hans tók myndina.



Mette-Marit ásamt Ingríði Alexandru og Maríusi.



Ekki voru allir Norðmenn ánægðir þegar Mette-Marit og Hákon gengu í það heilaga fyrir fjórum árum síðan.



Hjónin Mette-Marit og Hákon ásamt Ingríði Alexöndru og Maríusi um jólin í fyrra.

Nýi prinsinn Sverrir Magnús

Norðmenn eignuðust nýjan prins á aðventunni. Hann er þriðji í röðinni til að erfa krúnuna og því ólíklegt að hann eigi eftir að ríkja yfir Noregi.

Krónprinsinn Hákon og krónprinsessan Mette-Marit hafa fært Norðmönnum ljóshærðan og bláeygðan prins. Hann kom í heiminn laugardagsmorguninn 3. desember en Hákon krónprins tilkynnti stuttu síðar að drengurinn hefði mælt 52 sentimetrar og sextán merkur.

Fæðingunni var fagnað deginum eftir með 21 byssuskoti frá kastalanum í Ósló. Haraldur konungur sagði að nýja barnið myndi ekki bera titilinn „hans konunglega hátign“ og afmæli hans yrði ekki gert að opinberum fánadegi í Noregi.

Venjan er að kóngafólkið dvelji nokkra daga á spítalanum og taki tíma í að sýna almenningi nýburðinn. Hákon og Mette-Marit höfðu þó annan háttinn á og laumuðu syninum fimm tímum eftir fæðingu að heimili sínu, Skaugum, í úthverfi Óslóar. Enn fremur vildu þau taka allar myndir sjálf og óvíst er hvenær almenningur fær að berja soninn augum.

Strangar reglur gilda um opinberum nafnsins og þann 5. desember hélt Haraldur konungur lokaðan fund í höllinni fyrir ríkisstjórn-

ina. Því næst fór forsætisráðherrann Jens Stoltenberg út á hallartorg og tilkynnti norsku þjóðinni að prinsinn yrði skírður Sverrir Magnús.

Nafnið á sér langa sögu í Noregi og einnig ber Hákon krónprins millinafnið Magnús. Nafnið kom þó mörgum Norðmönnum í opna skjöldu sem höfðu spáð því að nýi prinsinn myndi heita Ólafur eftir syni Hákonar VII og afa Hákonar krónprins.

Ekki eru miklar líkur á því að Sverrir taki við Noregskrúnunni þar sem hann er þriðji í röðinni til að erfa ríkið. Á undan honum koma eldri systir hans og faðir og því er líklegt að nafnið Ólafur verði geymt þar til Noregur mun hafa ótvíræðan karlerfingja að krúnunni.

Foreldrar Sverris gengu í heilagt hjónaband árið 2001. Samband þeirra hlaut mismiklar undirtektir meðal almennings en þau höfðu búið í óvígðri sambúð og þar að auki var Mette-Marit alþýðukona og einstæð móðir. Þau eignuðust stúlkuna Ingríði Alexöndru 21. janúar árið 2004 en Mette-Marit átti soninn Maríus frá fyrra sambandi.



Opel. Þýski gæðingurinn.

JÓLIN NÁLGAST! NÁÐU FORSKOTI Á NÝJUM OPEL.

Við erum í sérstöku hátíðarskapi og því býðst þér Opel á frábæru jólatilboði út allan desember með einungis **10% útborgun!** En það er ekki allt: Hverjum Opel fylgir **100.000 kr. gjöf** frá Bræðrunum Ormsson handa þeim sem þér þykir vænt um.



Opel Meriva DVD

Á Opel Meriva kynnist þú áður óþekktu frelsi því sveigjanleiki og öryggi þessarar verðlaunabírfreiðar skilar sér ótvírætt við íslenskar aðstæður. Prófaðu þennan fallega bíl sem er í fremsta flokki hvað snertir sparneytni og það verður ekki aftur snúið.

VERÐ FRÁ AÐEINS: **1.795.000 kr.**

10% ÚTBORGUN: 179.500 kr.

AÐEINS 23.999 kr. Á MÁNUÐI*



DVD spilari fylgir!

Opel Astra Hatchback

Hún er falleg og frábærlega smíðuð. Hún er líka vel búin með ABS hendlavörn, skynvirku fjöðrunarkerfi, aksturstölvu og fullt af fleiri skemmtilegum kostum. Hún er aflmikil en líka sparneytin, lipur en rúmgóð. Hún fær fimm stjörnur í árekstrarprófi Euro NCAP.

VERÐ FRÁ AÐEINS: **1.695.000 kr.**

10% ÚTBORGUN: 169.500 kr.

AÐEINS 22.810 kr. Á MÁNUÐI*



Opel Astra Caravan

Opel Astra Caravan hefur verið endurhannaður frá grunni. Hann er frábærlega búinn, sterkur, rúmgóður og með pláss fyrir alla fjölskylduna. Innréttingin er falleg og vönduð og minnir á mun dýrari bíla. Hann er lipur og skemmtilegur í akstri. Hann er með allra öruggustu bílum í sínum stærðarflokki.

VERÐ FRÁ AÐEINS: **1.760.000 kr.**

10% ÚTBORGUN: 176.500 kr.

AÐEINS 23.680 kr. Á MÁNUÐI*



Við hvetjum alla ökumenn til að aka varlega um hátíðarnar.



Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opíð: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Hrísmýri 2a 800 Selfossi 482-3100	Eyranlandi 1 530 Hvammstanga 451-2230	Sæmundargötu 3 550 Sauðárkrúki 453-5141	Holtsgötu 52 260 Njarðvík 421-8808	Dalbraut 2b 300 Akranesi 431-1376	Víkurbraut 4 780 Höfn í Hornafirði 478-1990	Búðareyri 33 730 Reyðarfirði 474-1453	Sindragötu 3 400 Ísafirði 456-4540	Óseyri 5 603 Akureyri 461-2960
-----------------------------------------	---------------------------------------------	-----------------------------------------------	------------------------------------------	-----------------------------------------	---------------------------------------------------	---------------------------------------------	------------------------------------------	--------------------------------------

*Miðað við bílasamning Glitnis með 10% útb. og eftirstöðvar í 84 mánuði.

FILEN/SEA


Hvað þýðir það?

Einu sinni voru þýddu bækurnar að minnsta kosti jafnmikilvægar í jólabókaflóðinu og þær íslensku. Höfundar eins og Isabel Allende, Alistair McLean og Barbara Cartland áttu metsölulistana og fáir ís-

lenskir höfundar treystu sér í samkeppnina. Nú er öldin önnur og margir þýddir gullmolar sökkva til botns í flóðinu án þess að þeirra verði vart. Vonum að sú verði ekki raunin með þessar bækur.

SLEPPTU MÉR ALDREI eftir Kazhuo Ishiguro

Ishiguro er Breti af japönskum ættum, vakti fyrst verulega athygli með hinni frábræru Booker-verðlaunabók Dreggjjar dagsins og hefur síðan sent frá sér hvert meistaraferkið á fætur öðru. Bókin segir af sambandi þriggja barna, Tommy, Ruth og Kathy, sem alast upp á Hailshamsetrinu í Englandi. Aðbúnaður þar er til fyrirmyndar en engum nemendanna er þó að fullu ljóst hvaða tilgangi uppeldi þeirra þjónar. Hún hefur fengið afar lofsamlega dóma og var meðal annars tilnefnd Booker-verðlaunanna.



HERMANN eftir Lars Saabye Christensen

Þeir sem lásu Hálfbróðurinn sér til yndisauka í fyrra ættu ekki að láta söguna af Hermann í fram hjá sér fara. Hermann er bráðskemmtileg og ljúfsár saga um hinn fiskfríska Hermann, mömmu hans og pabba og rakarann sem einn góðan veðurdag breytir öllu. Lars Saabye Christensen er nú einn þekktasti norræni rithöfundur heims og það er gaman að sökkva sér ofan í gæðabókmenntir frá frændum vorum norrænum.



Í PENELÓPUKVIÐU eftir Margaret Atwood

er fjallað um hina þekktu sögu af Trójustríðunum og heimför Ódysseifs gegnum Penelópu konu hans. Hún þarf að bíða hans í tuttugu ár og sinnir á meðan stjórn eyríkisins, elur upp Telemakos son þeirra Ódysseifs og verst því fimlega að giftast aftur. En hvað bíður hennar þegar Ódysseifur snýr aftur. Þessi snjalla saga er í sama flokki og Argóarflís Sjóns og báðar gefa þær gömlum goðsögum nýtt líf.



NÍU NÆTUR eftir Bernardo Carvalho

Áhrifarík og snjöll skáldsaga eftir einn fremsta rithöfund Brasilíu um rannsókn brasilísks rithöfundar á lífi og sjálfsmorði bandaríks mannfræðings sem unnið hafði að vettvangsrannsóknum meðal Krahó-indíána. Sextú og tveimur árum síðar rekst brasilískur rithöfundur á nafn Quains í blaðagrein. Rithöfundurinn verður heltekinn af örlogum mannfræðingsins og ýmislegt óvænt kemur upp úr uppgreftri hans á fortíðinni.



VERONIKA ÁKVÆÐUR AÐ DEYJA eftir Paulo Coelho

Þeir sem nutu þess að lesa Alkemistann og ellefu mínútur ættu að geta gleymt sér í þessari bók. Veroniku virðist ekki vanhaga um neitt en samt er hún ekki hamingjusöm og reynir að stytta sér aldur. Henni tekst það ekki alveg en nóg til þess að hún fær meðvitað að fylgjast með eigin dauðastríði. Þetta er áhrifamikill ódur til lífsins sem minnir okkur á að hver einasta stund lífsins er kraftaverk.



FLUGDREKAHLAUPARINN eftir Khaled Hosseini

fjallar um ferð Amirs heim til Afganistans, ferð sem gæti kostað hann lífið en hann vill bæta fyrir brot sem hann framdi þegar hann var strákur og hundelt hefur samvisku hans alla daga síðan. Bókin er allt í senn, fögur og grim, blíð og hörð og hefur jafnvel verið sagt að ef þú ætlar að eins að lesa eina bók um þessi jól þá ættrðu að velja þessa.





LAMPI
VERÐ KR. 7.500



LAMPI
VERÐ KR. 7.400



BLAÐAGRINDUR
VERÐ FRÁ KR. 4.900

VIÐ BJÓÐUM VIÐSKIPTAVINUM OKKAR

VAXTALAUSAGREIÐSLUDREIFINGU

Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI - OG FYRSTA GREIÐSLA Í FEBRÚAR 2006*



FJÖLMÖRG JÓLATILBOÐ!

* TILBOÐIÐ STENDUR TIL ÁRAMÓTA OG GILDIR
EF VERSLAÐ ER FYRIR MEIRA EN 90.000 KR.

TEKK
COMPANY

ÓPIÐ ALLA DAGA TIL KL. 18

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | Sími 564 4400 | Fax 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

Eldar bæði í vöku og í draumi



*Draumurinn minn
rættist þegar ég komst
í landsliðið. Mér
fannst þetta rosalega
merkilegt, að vera
komin í lið með
toppkokkum.*

Viðtal: JÓHANNA SVEINSDÓTTIR

Myndir: TEITUR

Förðun: ELÍN REYNISDÓTTIR

Hrefna Rósa Jóhannsdóttir Sætran er kokkur af lífi og sál og hefur náð ótrúlegum árangri í sínu fagi. Hrefna er aðeins 25 ára gömul, lauk kokkanámi fyrir einu og hálfu ári síðan, er orðin aðstoðaryfirkokkur á Sjávararkjallaranum og er fyrsta konan í íslenska kokkalandslíðinu. Á meistaramóti kokkalandslíða í Basel í Sviss í síðasta mánuði fékk hún ásamt landsliðsfélögnum fallega silfurpeninga í verðlaun fyrir glæsilega frammi-stöðu. Hrefna er ekki há í loftinu en hún á engu að síður auðvelt með að teygja sig í draumana sína.

ELDAR BÆÐI Í VÖKU OG Í DRAUMI

„Alveg frá því að ég var pínkulítill ætlaði ég mér að verða kokkur. Mamma hélt ég væri að tapa mér, ég horfði á svo mikið af matreiðsluþáttum,“ segir Hrefna og hlær. „Ég bæði eldaði, lagði fint á borð, þjónaði fjölskyldunni og setti saman matseðla. Kannski ekki innihaldsmikla matseðla, þetta voru mest pulsuréttir og eggjabrauð,“ kímir Hrefna.

Þegar Hrefna var yngri fór fjölskylda hennar mikið út að borða á finum veitingahúsum. Ólíkt mörgum börnum sem fara yfir um af óþolinmæði í slíkum aðstæðum sat Hrefna grafkyrr og fylgdist dáleidd með öllu sem gerðist í kringum hana. Snemma beygist krókurinn og nú er það Hrefna sem dáleidir veitingahúsagesti með hæfileikum sínum.

Hrefna segist þó hafa villst eilítið af braut á sínum unglingsárum. „Þá var eins og ég hefði gleymt því að ég ætlaði að verða kokkur,“ segir Hrefna sem stundaði nám í Kvennaskólanum, lærði hönnun í Iðnskólanum og staldraði stutt við í Borgarholtsskóla. „Mamma stýrði mér dálítið með þetta. Hún vissi að ef ég byrjaði of snemma í kokkinum þá myndi ég ekki endast því þetta er mjög erfitt starf. Svo þegar ég var tvítug tilkynnti ég henni að ég ætlaði að verða kokkur og þá sagði hún: „Já, núna ertu tilbúin,““ segir Hrefna og brosir. „Ég er rosalega þakklát mömmu fyrir að láta mig bíða, því hefði ég byrjað sextán ára hefði ég misst af svo miklu sem fylgir því að vera unglungur.“

„Ég man að þegar ég var í Kvennó þá fannst mér eins og ég væri ekki að gera neitt. En þegar ég byrjaði í kokkaskólanum fann ég að þetta var eitthvað sem mér var ætlað að

gera,“ segir Hrefna sem mælir með því að fólk prófi sem mest, því á endanum finni það rétta staðinn í lífinu. Og greinilegt er að Hrefna er á réttum stað í sínu lífi. „Ég til dæmis hætti ekkert að hugsa um vinnuna þegar ég kem heim. Mig dremmir vinnuna á nóttunni. Vakna á morgnana hugsandi um vinnuna. Og það er ekki út af álagi eða stressi heldur er matreiðslan alltaf í undirmeðvitundinni hjá mér. Ég þarf líka stundum að ákveða daga þar sem ég er bara í frii og hugsa ekkert um matreiðslu. Það gengur samt hálf illa,“ segir Hrefna og hlær.

SILFUR Í DAG OG GULLIÐ KEMUR NÆST

Hrefna hóf nám í kokkaskólanum þegar hún var tvítug og útskrifaðist fjórum árum seinna. Þá hóf hún störf með íslenska kokkalandslíðinu og er fyrsta konan sem er fullgildur meðlimur í þeim góða félagsskap. Hrefna hefur því náð langt á skómmum tíma. „Draumurinn minn rættist þegar ég komst í landsliðið. Mér fannst þetta rosalega merkilegt, að vera komin í lið með toppkokkum. Svo er sagt að maður skapi sér mestan frama frá 25 ára aldri til 35 ára þannig að ég bið bara spennt eftir því hvað gerist næst.“

Íslenska kokkalandslíðið tók þátt í meistaramóti kokkalandslíða í Basel í Sviss í síðasta mánuði þar sem liðið náði glæstum árangri. Tíu bestu þjóðir heims kepptu í heitu og köldu borði og fékk íslenska landsliðið, sem er í níunda sæti á heimslistanum, silfurverðlaun í báðum flokkum. „Auðvitað langar mann alltaf í gull en þetta er samt frábær árangur miðað við tíu bestu í heiminum,“ segir Hrefna. „Gullið kemur næst.“

„Ég er mikil keppnismanneskja. Ég verð ekki kvíðin fyrir stórmót, ég einfaldlega hlakka til að sýna fólki hvað ég er að gera og hvað í mér býr,“ segir Hrefna sem stefnir á þátttöku í matreiðslumanni ársins í janúar. Verði hún eina konan sem skráir sig til leiks þá, verður hún um leið fyrsta konan til að taka þátt í því móti. „Ég ætla auðvitað að vinna þá keppni,“ segir Hrefna og brosir gullnu brosi.

STENDUR Á TÁNUM OG GEFUR EKKERT - EFTIR

Lengi vel hefur kokkafagið verið karlafag en Hrefna hefur á ómeðvitaðan máta átt stóran þátt í koma á hugarfarsbreytingu innan



fagsins. Nú sækjast fleiri konur í að læra kokkinn. „Ég hef heyrt frá öðrum kokkum að margar stelpur líta á mig sem eins konar fyrirmynd,“ segir Hrefna. „Kokkarnir heyra frá stelpum sem eru að byrja í faginu að þær langi til að verða eins og Hrefna á Sjávarkjallaranum. Sem er mjög skrítn tilfinning. Mér finnst ég ekkert merkileg. Þetta er líka búið að gerast svo snöggt og er kannski svolítið óraunverulegt.“

Hrefna segist ekki hafa lent í erfiðleikum fyrst þegar hún byrjaði í faginu. „Ég ákvað strax í byrjun að gera bara allt eins og strákarnir,“ segir Hrefna. „Ég hef unnið með stelpum í eldhúsinu og margar þeirra fatta ekki að það má ekki gefa strákonum neitt eftir. Stelpur hafa stundum beðið mig um að ná í og rétta hluti. Og ég er bara einn fimmtíu og átta,“ segir Hrefna og bætir við að hún standi mikið á tánum í vinnunni.

„Þetta er líkamlega og andlega erfitt starf. Margir hreinlega brotna niður og taka þetta rosalega inn á sig. Þetta er líka eins og annar heimur, þessi heimur sem við vinnum í,“ segir Hrefna og rifjar upp eina sögu úr kokkaheiminum. „Á laugardagskvöldi, 250 manns pantaðir í mat, uppgötvast klukkan átta að það var gaslaust. Það var eitt rosalegasta kvöld sem ég hef upplifað. Það fóru allir í eitthvert mók. Við höfðum eina rafmagnshellu til að redda þessu og ég gleymi aldrei stemningunni hvernig og ég lögðust á eitt við að bjarga kvöldinu. Sem við gerðum.“

„MAMMA“ HREFNA ER BÆÐI BLÍÐ OG STRÖNG

Hrefna leggur mikið upp úr því að ná góðum anda á Sjávarkjallaranum. „Ég lít á vinnufélagana mína sem fjölskyldu enda

Kokkarnir heyra frá stelpum sem eru að byrja í faginu að þær langi til að verða eins og Hrefna á Sjávarkjallaranum. Sem er mjög skrítn tilfinning.

eyðir maður í raun meiri tíma með þeim en sjálfri fjölskyldunni,“ segir Hrefna. „Þegar ég var að læra átti ég minn „pabba“ í eldhúsinu á Apótekinu og nú er ég alltaf kölluð mamma í vinnunni. Ég á marga syni,“ segir Hrefna og hlær. „Ég hugsaði lengi um hvernig kokkur ég vildi verða og tók þá afstöðu að óskra ekki, eins og margir kokkar



eru þekktir fyrir að gera. Ég veit að fólk ber virðingu fyrir mér þó svo að ég standi ekki í eldhúsinu og óskri. Ég leysi vandamál með því að ræða hlutina. Auðvitað koma tímar þar sem maður þarf að vera strangur, en það er bara eins og hjá öllum mömmum,“ segir Hrefna og hlær dátt.

LIKE A WHALE

Þegar tekst vel til í eldhúsinu vilja matargestir oft fá að bera kokkinn augum og hrósa honum fyrir fyrir vel eldaðan disk. „Auðvitað er aldrei of oft sagt að maturinn hjá manni sé góður, það er alltaf jafn fráþætt að heyra það. Það er líka gaman að fá að labba fram í sal og sýna sig,“ segir Hrefna og segir marga óneitanlega verða hissa að sjá þessa litlu skottu tritla fram úr eldhúsinu. „Núúú ertu stelpa, segja margir,“ hefur Hrefna eftir sumum gesta sinna og rifjar upp eitt kvöldið þegar hún var kölluð fram í sal til að taka við hrósi. „Þetta var hópur, bæði útlendingar og Íslendingar. Ein konan spurði „what is your name?“, ég svaraði því: „My name is Hrefna.“ Einhver Íslendingurinn bætti þá við: „Like the

whale. Her name is like the whale.“ Svo snerust samræðurnar bara um það að ég hét eins og hvalur og það var ekkert talað um matinn, þannig ég sagði bara: „OK thank you,“ og fór,“ segir Hrefna og hlær. „En það er alltaf gaman að fá hrós, það er bæði hvatning og sýnir manni að maður sé á réttri braut.“

MEÐ HEILAN VEITINGASTAÐ Í KOLLINUM

„Draumurinn minn er svo að eignast minn eigin stað,“ segir Hrefna sem varð hálf dul þegar hún var spurð frekar út í málið. „Ég er alltaf með augun opin fyrir húsnæði og hugsa um hvernig stóla ég vil hafa, hvaða tónlist ég mun spila og hvernig maturinn verður.“ Hrefna fer á draumaflug en greinilegt að hún er ekki tilbúin að varpa draumnum fram á síður Birtu. „Veitingastaðurinn er hérna uppi,“ segir Hrefna og bendir á klára kollinn sinn. „Og hann verður rosalega flottur.“ Meira náðist ekki upp úr henni varðandi málið að þessu sinni. Við sælkerarnir verðum því að biða spenntir eftir að sjá og bragða á hvað konan með hvalanafnið tekur sér fyrir hendur næst.


EFTIRSÓTTAR JÓLAGJAFIR!



Örn Clausen fer á kostum!

Örn Clausen, hæstaréttarlögmaður og fyrrum frjálsíróttakappi, segir í þessari **bráðskemmtilegu** bók sögur af ýmsum samferðamönnum, allt frá rónum upp í ráðherra - en að auki koma æðri máttarvöld við sögu.

Eyrún Ingadóttir tók saman.



Heillandi ævisaga!

„... **lifleg og fróðleg** frásögn ... ætti að bæta margan manninn.“

— Sigríður Albertsdóttir, DV

„**Skyldulesning**.“

— Hemmi Gunn, Íslandi í bitíð.

„...**mjög vel lukkuð**. ... lesandinn fær jafnvel stundum á tilfinninguna að hann sé viðstaddur fund kvennanna tveggja, svo **lifandi** er frásögnin. **heillandi** lýsing á horfnum heimi. ... Auður Eir er frumkvöðull og fyrirmynd sem **gaman** er að kynna sig gegnum **vandaða bók** þeirra Eddu Andrésdóttur.“

— Soffía Auður Birgisdóttir, Morgunblaðinu



Væntanleg um allan heim!

„...skilar lesanda **vel unninni og hugsaðri glæpasögu**.“

— Páll Baldvin Baldvinsson, DV

„**Fersk rödd** ... **Hröð** atburðarás og **hressilegur still**.“

— Katrín Jakobsdóttir, gagnrýnandi

„Allt er þetta **vel gert** og bókin hefur **fagmannlegan svip** ...“

— Halldór Guðmundsson, Fréttablaðinu

„... **snjöll** sakamálasaga ... Þóra reynist **heillandi** sögumiðja, ráðgátan er flökkin en **afskaplega vel sett saman** ...“

— Björn Þór Vilhjálmsson, Morgunblaðinu

„Eitthvað **alveg sérstakt**“

— Suzie Doore, útgáfustjóri Hodder og Staughton í Bretlandi

„**Frábær frumraun** - æsispennandi og óvenjuleg.“


— David Highfill, útgáfustjóri HarperCollins í Bandaríkjunum



Þegar reynir á þolrifin,

Hverju starfi fylgja hlutir sem veita manni gleði. Að sama skapi fylgja einnig hverju starfi hliðar sem virkilega reyna á þolrifin. Allt frá rafstuðinu sem þú færð á skrifstofuhurðinni á hverjum morgni til erfiðra kúnna sem koma fram við þig eins og skrifstofuhúsgagn. Þegar reynir á þolrifin er víst besta ráðið að brosa, og gera það nógu breitt. Birta tók púlsinn á nokkrum starfstéttum og kannaði hvað það er sem reynir á þolrifin hjá hverjum og einum.

reyndu að þrauka!



Ein flugfreyja á mann

Guðrún Eva Guðmundsdóttir flugfreyja hjá Icelandair.

Ósanngjarnir og ókurteisir farþegar reyna helst á þolrifin,“ segir Guðrún. „Stundum reynir á þolrif farþeganna að þurfa að bíða lengi eftir að komast um borð og standa í löngum röðum. Þá er viðskiptavinurinn orðinn óánægður áður en hann stígur um borð. Við erum fyrsta andlitið sem kúnninn sér, andlitið sem stendur fyrir allt sem miður fór, og þá er áskorunin okkar að fá þá farþega til að ganga brosandí frá borði og þakka fyrir flugið. Sem er það skemmtilegasta við starfið.“

Í háloftunum er mikið um að vera hjá flugfreyjunum og vinna þær eftir rútínu sem erfitt er að brjóta upp. „Stundum fær maður á tilfinninguna, í tvö hundruð manna vél þar sem eru fimm flugfreyjur, að farþegarnir haldi að það sé ein flugfreyja á mann,“ segir Guðrún og hlær góólátlega. „Farþegar hafa auðvitað mismunandi þarfir. Þegar maður ber fram kaffi hefur kannski einhver þörf fyrir koddá. Maður reynir eftir bestu getu að muna allt sem er beðið um en stundum kemur það fyrir að maður gleymir því. Svo situr farþeginn allt flugið og horfir á mann með undarlegu augnaráði sem maður skilur ekkert í,“ segir Guðrún og hlær. Svo þegar hann gengur frá borði þá minnir hann aftur á koddann sem aldrei kom. Og þá er auðvitað orðið of seint að afhenda koddann.“



Vel lesin!



Lestur – konur 18-49 ára

Mest lesna tímaritið

Lestur á tímaritinu Birtu mælist langmestur af öllum tímaritum landsins, skv. fjölmiðlakönnun Gallup. Skemmtileg efnistöð og öflug sjónvarpsdagskrá vinna saman við að skapa þessar miklu vinsældir. Ef þú vilt að fyrirtækið þitt sé sjáanlegt skaltu auglýsa þar sem birtan er mest og líklegast að flestir sjái auglýsinguna. **Komdu inn í Birtuna.**

birta

Auglýsingasími 550 5000

Birtu er dreift inn á 95.000 heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi og Hveragerði.

* Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup okt. 2005.

Pirrandi ölvæð fólk með óskalög

Erna Bergmann Björnsdóttir, annar helmingur plötusnúðadúettsins Erna & Ellen.

Það er oftast eitthvert fullt fólk sem er með leiðindi. Sérstaklega ef maður er að spila á árhátíðum hjá einhverju plebbaliði. Þá fær maður oft pirrandi fólk á sig sem líkar ekki við það sem maður er að spila og vill fá að hlusta á eitthvað annað. Ég er ekkert mikið fyrir að taka óskalög en ef maður filar sjálfur það sem er verið að biðja um þá spilar maður það náttúrulega," segir Erna og bætir því við að það sé líka mjög erfitt að losna við slíkt fólk því það geti verið mjög uppþrengjandi. „Maður segist bara vera að reyna að finna lögin sem það er að spyrja um þó maður viti það alveg að þau séu ekki til.“ Erna hefur lent í nokkrum erfiðum aðstæðum vegna aðkasts frá fólki og eitt sinn þurfti hún að láta dyravörð vísa einni stúlku út. „Hún ætlaði bara í mig af því ég vildi ekki spila Britney Spears eða eitthvað álíka.“ Erna segir að strákar geti líka stundum verið mjög ágengir þó það sé kannski aldrei mjög alvarlegt. „Svo er hljóðkerfið á sumum skemmtistöðum mjög

lélegt og ef það bregst eitthvað þá er okkur plötusnúðunum alltaf kennt um. Við erum bara að reyna að halda uppi stuði og oftast gengur það vel fyrir sig.“



LIÓSMYND/HARI

Gefur stundum sénsa

Sigurþór Jónasson, stöðumælavörður

Sigurþór starfað sem stöðumælavörður í 14 mánuði og líkar starfið vel. Stöðumælaverðir verða hins vegar oft fyrir aðkasti frá reiðu fólki sem finnst það hafa fengið óréttláta meðferð. „Það kennir okkur stöðumælavörðunum ídulega um þegar það leggur ólöglega og telur upp ýmsar ástæður fyrir því að það varð að leggja svona. Það eru engar takmarkanir fyrir öllum þeim afsökunum sem maður fær að heyra.

Oftast er ástæðan samt sú að fólk segir að það finni ekki stæði eða þá að það nennir bara einfaldlega ekki að labba nokkur skref. Stæðin eiga yfirleitt að vera fyrir framan dyrnar og laus þegar viðkomandi ætlar að leggja,” segir Sigurþór.

Til þess að standast mótlætið segir Sigurþór að það sé mikilvægt að hann standi fast á sínu. Hann segist þó stundum gefa sénsa. „Ef fólk er tilbúið að færa bílinn eða er tilbúið að bæta úr hlutunum þá gerir maður það. Maður getur samt ekki sleppt neinum um leið og maður er búinn að skrifa sektirnar,” segir hinn mannlegi Sigurþór stöðumælavörður.



LIÓSMYND/HARI

Sófaveisla!!!

nú geta allir eignast fallegan sófa

frábær
jólátíloð

-55%



verð áður 196.000.-

Jólátíloð kr. 99.000.-

Colour stóllin
Jólagjöfin í ár



aðeins kr. 7.900.-

-35%



allir sófar
á ótrúlegu JÓLA-verði

verð áður 125.000.- Jólátíloð kr. 79.000.-

-38%



verð áður 240.000.- Jólátíloð kr. 149.000.-

sofi.is

Borgartúni 28
sími 561 8833

ath. takmarkað magn

ótrúleg jólátíloð

Ekki sturlast úr frekju

Gunnar Jónsson, yfirdyravörður á Café Óliver.

Fólk sem treðst og er með frekju reynir á þolrifin,“ stynur Gunnar og bætir við að ástandið fyrir utan dyrnar á Café Óliver jaðri oft við stríðsástand. „Fólk á það til að hreinlega sturlast. Bara sturlast yfir því að fá ekki að komast inn og yfir því að þurfa að fara í röð og fólk skilur ekkert í því að það sé ekki á gestalista því það hafði komið þarna einhvern tímann fyrr um sumarið,“ segir Gunnar og hlær en bætir við að til mikillar lukku séu þeir nú ekki margir sem hafi sturlast í röðinni hjá honum. „Sumir hafa hreinlega gefist upp á því að tala okkur til og bara tekið af skarið og ruðst inn. En við látum fólk ekkert komast upp með eitthvað svona, við förum bara á eftir viðkomandi og drögum hann öfugan út,“ segir Gunnar ákveðinn.

Gunnar segir fólk ekki nota „veistu ekki hver ég er?“ setninguna mikið en það sé oft gaman að heyra hvað fólki dettur í hug að nota. „Maður heyrir svo margt. Sumir segjast þekkja eigandann og hafa passað fyrir hann köttinn hans í asku og eitthvað í þeim dúrnum. Eitt sinn beið í röðinni starfsmaður hjá hinu opinbera. Viðkomandi krafðist þess að fá að fara inn og hreinlega hótaði því að svipta okkur leyfinu ef við létum ekki undan þeirri beiðni,“ segir Gunnar. „Ef fólk er á annað borð búið að bíta það í sig að ætla inn þá er fátt sem stöðvar það.“



LIÓSMYND/ANTON

Besta bragðið að brosa á móti

Einar Guðmundsson, starfsmaður Og Vodafone

Einar Guðmundsson starfar sem afgreiðslumaður og er einn af þeim sem þurfa að sýna mikla þjónustulund í starfi því oft kemur fólk til hans með misskemmtileg mál. „Hingað kemur fólk sem er með bilaðan síma, netið virkar ekki hjá því og annað slíkt. Þetta eru samt yfirleitt vandamál sem auðveldlega má leysa,“ segir Einar. Hann lendir hins vegar oft í vandamálum þar sem viðmót viðskiptavinanna er stundum leiðinlegt. „Það koma margir hingað inn með því hugarfari að það sé að fara að rífast og lenda í deilum. Oft er fólkið líka að skamma mig persónulega fyrir eitthvað sem ég kom ekki nálægt sjálfur. Þegar maður reynir svo að hjálpa fólkinu heldur það áfram að skamma mann. Það þýðir þá lítið annað en að brosa á móti. Sumir vita reyndar ekki hvaðan á sig stendur veðrið þegar þeir eru eitthvað að reyna að rífast og fá bara bros og góðvild á móti. Það er oftast besta bragðið til þess að róa pirraða viðskiptavini,“ segir Einar og bætir við að



LIÓSMYND/VILHELM

það hafi komið nokkrum sinnum fyrir að fólk hafi óskrað á hann. „Fólk verður bara að skilja að við erum ekki að reyna að svindla á einum né neinum, þvert á móti viljum hjálpa til við að leysa öll þau vandamál sem hingað berast.“

JÓLAGJÖF VEIÐIMANNSINS

„ÉG BÆÐI SÉ OG VEIT
HVAÐ ÞAÐ ER
AÐ VERA MEÐ GÓÐ
VEIÐIGLERAUGU“
PALLI Í VEIÐIHÚSINU



GJAFA KORT

Á VEIÐIGLERAUGU

HAMRABORG 10
SÍMI 554 3200
SMÁRATORGI
SÍMI 564 3200



ÉG C
GLERAUGNAVERSLUN



Jólagjöfin hennar

(Gjafabréf)

Samkvæmiskjolar
frá 10 þús. kr.
allar stærðir.

Stelpu jólakjolar
á allan aldur.

Mikið úrval.

PRINSESSAN

verslun/Mjódd, s. 567 4727
www.Prinsessan.is



JÓLAGJÖFIN HENNAR Gabor

Ný sending - mikið úrval



Gabor



Ný verslun

XENA

GLÆSIBÆ S: 553 7060

XENA

MJÓDDINNI S: 557 1291



ASH TREE:

Nýtt spænskt vín frá Freixenet

Spænska vínframleiðslufyrirtækið Freixenet er einkum þekkt fyrir freyðivínsframleiðslu enda stærsti framleiðandi freyðivína í heiminum. Fyrirtækið hefur nýverið fjárfest í annarri léttvínsframleiðslu og byggt upp tólf athyglisverð vínhus bæði á Spáni og í Nýja-heiminum. Freixenet er eitt af tíu þekktustu vörumerkjum Spánar skv. alþjóðlegum könnunum og þekkt fyrir gæði og stöðugleika.

Ash Tree nafnið er ensk þýðing orðsins „La Freixenada“ sem þýðir „staðurinn þar sem öskutréd vex“. Þetta er jafnframt heitið á fjölskyldusetri Ferrer fjölskyldunnar, eigenda Freixenet.

Hugmynd vingerðarmanna Freixenet var að gera auðdrukkit og ávaxtaríkt vín. Þrúgurnar eru ræktaðar í Kastilíuhéraði í miðju Spánu. Blandað er saman hefðbundnum spænskum þrúgum, í þessu tilfalli monastrell sem gefur víninu mjúkt og angan og svo shiraz, þrúgu með öllu alþjóðlegra yfirbragð.

Þetta er öflugt vín sem ræður vel við hefðbundinn íslenskan jólamat sem oft er saltur. Það er jafnframt mjúkt og ávaxtaríkt með kröftugum einkennum shiraz-þrúgunnar. Prófið það með hamborgarhryggnum!

Kynningarverð á hátíðardögum í Vínbúðum 1.090 kr.

Freixenet



Viltu ná glæsilegum árangri?



Pú léttist og styrkist andlega og líkamlega

TT –námskeiðin sívinsælu!

Frá Toppi til Táar

Dansrækt JSB hefur sérhæft sig í námskeiðum fyrir konur sem vilja komast í kjörþyngd. Þau fela í sér líkamsrækt, leiðbeiningar um mataræði og líkamsbeitingu, fundi, aðhald, vigtun og mælingar ásamt ráðgjöf frá stílista um tísku og fördun. Þú nærð árangri hjá okkur – ef þú vilt!

TT-tímatafla

Kl	Mán	Þri	Mi	Fim	Fös
06:20	X		X		X
07:20	X		X		X
08:20	X		X		X
12:05	X		X		X
14:30	X		X		X
18:25	X		X		X
19:20	X	X	X	X	X
20:15	X				

Vertu velkomin í okkar hóp!

Skráning hafin á janúarnámskeið



Hafðu samband!

www.jsb.is
sími 581 3730

DANSRÆKT

JSB

leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík
Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732



brynhildur björnsdóttir stingur í samband

Kynbundinn gjafamunur

„Hann fékk bók, en hún fékk nál og tvinna...“ er lína í jólagagi sem löngum hefur vakið gríðarlega sterk viðbrögð í mínum vinahópi. Lagið er reyndar gamalt og gjafirnar örugglega bæði vel meintar og jafnvel frekar upphugsáðar út frá rími en pólitískri réttshugsun en engu að síður: af hverju fær hann bók til að vikka hugann en hún nál og tvinna til að sauma í heimanmundardragkistuna? Hvaða kvenfyrirlitning er þar á ferðinni?

Nú rignir inn í vitund landsmanna auglýsingum um heppilegustu jólagjafirnar handa hinum og þessum og þær eru ennþá afar mikið miðaðar við kynin. Jólagjöfin handa henni er gjarna ilmvatn eða skartgripur á meðan hann á frekar von á veiðistöng eða borvél í sínum pakka. Auðvitað eru reglurnar ekki niðurnegldar og viðurlögin engin og einhverjar konur fá borvélar og einhverjir karlar silkinærföt í jólagjöf en áherslurnar eru samt ótrúlega kynbundnar, jólagjafirnar handa honum eru einfaldlega allt öðruvísi en gjafirnar handa henni. Litaval er mjög áberandi, stelpunáttföt eru bleik og strákanáttföt blá, bækur eru mjög oft markaðssettar sem „konu-“ eða „kalla-“. Og þetta er ekkert skrytið. Þegar við skoðum kynbundna hluti í samfélaginu er ótrúlega margt sem ennþá er bundið kynhlutverkum. Hann á að bera upp bönorðið og setja saman húsgögnin – hún bakar fyrir jólin og sér um blómin. Hún býr manni sínum fagurt heimili, hann býr konu sinni öryggi, (sennilega af því hann er yfirleitt með miklu hærri laun). Ef hann býður í glas er það annað hvort ágengt eða vel þegið, ef hún býður í glas er það smellið og yfirleitt vel þegið. Bæði sem glasagefandi eða -þiggjandi er konan búin að gefa til kynna að hún hafi áhuga á nánari kynnum. Hún horfir á stelpumyndir og skælir pínulítið yfir þeim, hvort sem þær eru sorglegar eða bara hrærandi, hann horfir á fótbolta og hrópar á leikmennina (það er reyndar athyglisvert að fótboltamennirnir sjálfir bresta stundum í grát, knúsa hver annan og klappa á rassinn – afar karlmannlega að sjálfsgöðu). Kynin eru ólík, vilja ólíka hluti, einkum og sér í lagi í jólagjöf.

En er þessi kynjamunur meðfæddur eða áunninn? Hvenær og hvernig læra börn að vera strákar eða stelpur?

Ég þekki þrjá pínulitla stráka sem hafa verið umfærðir tuskudýrum alla sína stuttu ævi. Þeir vilja ekki sjá að leika sér með neitt annað en bolta og bíla. Ég þekki líka litlar stelpur sem vilja bara dúkkur í bleikum fötum þrátt fyrir mikla meðvitund foreldranna um að troða þeim ekki inn í stöðluð kynjahlutverk. Ein þeirra fékk meira að segja einu sinni stóran vörubíl í afmælisgjöf og dundaði sér alsæl við að svæfa hann allt afmælisboðið.

Þetta kemur ekki úr auglýsingum í sjónvarpinu. Og það er eiginlega ekki alveg hægt að komast að niðurstöðu um það hér hvaðan þetta er. Vonandi fá bara allir það sem þá langar í í jólagjöf.

Sjálf vil ég hundrað sinnum frekar fá bók en nál og tvinna. Ég veit ekkert hvað ég ætti að gera við nál og tvinna. Eða borvél ef út í það er farið.

Jólafrekjan lifir!

Börn læra það ung að árum að það borgar sig að vera ákveðin(n) ef einhver árangur á að nást í lífinu. Á þessum árstíma yta nokkur jólalög undir þessa heimsskynjun og boðskapurinn er skýr: Biðjið (nógu oft og nógu hátt) og yður mun veitast. Hér eru nokkur dæmi:



Jólasveinninn er alveg gáttaður á jólafrekjunni.

„Undir jólahjólátré er PAKKI! undir jólahjólátré er voðalega stór PAKKI! í silfurpappír... Skyld'ða vera jólahjól...“

Þarna er alveg greinilegt að þrotlaust suð og betl hefur skilað árangri og jólagjöf sem enginn hafði í rauninni efni á að kaupa eða gefa viðkomandi er nú samt komin undir tréð.

Boðskapur: Það er ekkert varið í jólin nema pakkarnir standi undir væntingum.

„Ég fæ jólagjöf, ég fæ jólagjöf, eitthvað sem gaman er og gott að fá! Ég fæ pakka frá pabba og mómmu, og kannski líka frá afa og ömmu, það kemur ef til vill eitthvað frá þér...“

Þarna er ekkert verið að tvínóna við hlutina og þeir kallaðir sínum réttu nöfnum.

Boðskapur: Það borgar sig að betla og kúga sína nánustu

Á jólaballinu borgar sig heldur ekkert að vera feimin(n): „JÓLASVEINN, trarallala, HALTU í hendina á mér,“ er hrópað svo undir tekur í gömlu, góðu lagi með Gátta-þef og barnakór sem er staðráðinn í að láta ekki hlunnfara sig.

Boðskapur: Ef þú æpir nógu hátt þá færðu það sem þú vilt.

„Gefðu mér gott í skóinn, góði jólasveinn í nótt.“ Jólasveinninn fær skipun í boðhætti og er seinna í lagi meira að segja skipað að syngja tónmælenda í svefn.

Boðskapur: Skipanir bera árangur.

stjörnuspá

★★★

16. desember – 22. desember

HRÚTUR 20. MARS – 19. APRÍL



Pú ert að velta framtíðinni fyrir þér þessa dagana og ekkert nema gott um það að segja. Hvort sem þú hyggur á frekara nám eða ætlar að veita skóla lífsins aðeins meiri athygli ertu í bestu stöðu til þess að taka slíkar ákvarðanir núna.

NAUT 20. APRÍL – 20. MAÍ



Ástin leikur við nautin núna og þar sem þau eru ástleit og ástuðleg í edli sínu njóta þau hvernar mínútu til fullnustu. Þú ert svo vinsælt að það hálfra væri nóg. Passaðu að detta ekki í sykur og sætbrauð á þessum árstíma, þú veist hvað það kostar þig í janúar.

TVÍBURI 21. MAÍ – 20. JÚNÍ



Þú gætud lent í samstarfsörðugleikum í vikinni og þurftið einkum að passa ykkur á frekum og yfirgangssömum yfirmanni sem gerir ykkur lífið leitt. Gerið allt til að halda ró ykkar, þið viljið ekki lenda í leiðindum svona rétt fyrir júl.

KRABBI 21. JÚNÍ – 22. JÚLÍ



Passaðu heilsuna þína vel í desember. Ýmsar flensur eru á ferli og kuldaboli verður ekki langt undan. Mundu að heilsan er það dýrmætasta sem þú átt og það er vel þess virði að fylgjast vel með sér og leita ráða ef eitthvað er ekki alveg eins og það á að vera.

LIJÓN 23. JÚLÍ – 22. ÁGÚST



Pú ert á góðu röli, búið að standa þína plikt í fleiri en einum skilningi og nú er komið að því að þú slettir úr loppunum og farir ærlega út að skemmta þér. Eins og oft áður er þér samt ráðlagt að vera með takmörkuðu fjárráð á djammínu, þú veist hvað þú ert gjafmilt við skál.

MEYJA 23. ÁGÚST – 21. SEPTEMBER



Einhleypar meyjur ættu að hafa augun hjá sér næstu daga því það er góðir möguleikar á því að herra eða frú Rétt(ur) verði á vegi þeirra í jólaöldinni. Það er því bannað að fara út úr húsi öðruvísi en upp á sitt besta, ekki svo að skilja að meyjur eigi vanda til slíks.

VOG 22. SEPT. – 22. OKTÓBER



Pú ættir að einbeita þér að því að hitta fólk sem þú hefur ekki séð lengi og njóta jólaundirbúningsins með því. Einhver kynni að koma þér ánægjulega á óvart.

SPORÐREKI 23. OKT. – 21. NÓVEMBER



Pú gætir fengið fregnir sem koma þér í opna skjöldu og koma sér jafnvel illa fyrir þig. Ekki láta blekkjast af fyrstu sýn, ef þú spilar rétt úr þessu tækifæri er langlíklegast að þú græðir bara á öllu saman.

BOGMAÐUR 22. NÓV. – 21. DESEMBER



Það er allt á uppleið hjá þér, kærni bogmaður og núna er tíminn til að breyta aðeins til. Nýtt starf, nýtt heimili, jafnvel annað land bíða þess að njóta áhrifa þinna og hjálpa þér að vaxa og dafna.

STEINGEIT 22. DES. – 19. JANÚAR



Í þessari viku er það heiðarleikin sem er sigurstranglegastur. Þú skalt vera eins elta og þér er unnt í öllum þínum viðskiptum við fólk því það er eina leiðin til að uppskera eins og þú hefur séð.

VATNSBERI 20. JAN. – 18. FEBRÚAR



Nýtt fólk hrannast inn í líf þitt þessa dagana og þú á fullt í fangi með að kynnast því öllu. Passaðu samt að hlusta á þinn innri mann, það borgar sig ekkert endilega að hleypa öllum að hjartanu í sér. Þangað þarf að velja vel og vera lengi að því.

FISKAR 19. FEBRÚAR – 20. MARS



Nú er loksins komið að ykkur! Ástin hefur verið að hitta hina og þessa fyrir að undanförnu og ykkur hefur fundist þið örlítið útundan. En þið hafið sjaldan verið jafn aðlaðandi og þessa dagana og ekki vera hissa þó að þið verið ekki einir til ársloka.



Mikið úrval af bómullarnáttfötum
og sloppum verð frá 2990

að vera til eins og

Ég og þú

Laugavegi 46
s 534 8742

*glæsilegir
síðkjólar*

*stærðir
34-46*

*verð frá
14990*

Flott jólagjöf



Laugavegi 54,
sími 552 5201



Laundruin
tískuverslu
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077

Kremfarði frá Shiseido

» Shiseido hefur sett á markað nýjan farða sem hylur, minnkar hrukkur og gefur unglegt útlit.

Nýi Shiseido Lifting Foundation kremfarðinn hefur þau áhrif að húðin lyftist þannig hrukkur grynnast og húðin verður unglegrí. Ný efnaformúla er notuð í farðanum sem gefur húðinni aukinn teygjanleika. Anti Wrinkle Complex formúlan inniheldur rakagjafa eins og Hydro Wrap, Vitalizing DE og Hyaluron-sýru. Farðinn sjálfur er léttur og er laus við þunga og matta áferð. Farðinn hylur hrukkur og lýti en framkallar um leið náttúrulegan og bjartan húðlit. Kremfarðinn meðhöndlar því húðina um leið og hann bætir útlit.



Endurheimtu unglegt útlit

» Shiseido hefur sett nýtt hrukkukrem á markað.

Nýja kremið frá Shiseido er bæði hrukkur- og styrkingarkrem. Kremið tilheyrir Shiseido Bio-Performance línunni sem er hátækni kremlína og er þekkt fyrir hámarks árangur. Kremið vinnur vel á tveimur helstu húðvandamálum öldrunar, hrukkumyndun og skorti á teygjanleika. En flest hrukkukrem sem eru á markaðnum í dag vinna aðeins hvert gegn öðru. Kremið styrkir starfsemi húðarinnar sem veikst hefur af völdum öldrunar, eindurheimtir og viðheldur unglegu útliti. Bio Performance kremið endurhleður náttúrulegt viðnám húðarinnar, styrkir náttúruhjúp hennar og verndar þannig húðina gegn utanaðkomandi áreiti.



Handáburður og líkamsskrúbb frá Max Mara

» Tvær nýjungar í Max Mara.

Max Mara leggur sitt af mörkum við að mýkja húðina fyrir jóla og komandi mánuði. Tvær nýjar vörur eru nú komnar á markað, Nourishing Hand Treatment krem með hönskum og kornakrem fyrir líkamann. Handáburðurinn er mjög virkur og inniheldur Linene seed, E vítamín og ólífuolíu sem mýkir, gefur raka og verndar hendurnar. Hanskana má nota til að örva virkni handáburðarins og með þeim er auðvelt að leyfa kreminu að virka yfir nótt. Kornakremið hentar vel fyrir þurra húð og fjarlægir dauðar húðfrumur svo húðin verði silkimjúk. Kornakremið inniheldur Linene seed sem verndar og viðheldur réttu rakastigi húðarinnar.



allt fyrir útlitið

MARGRÉT R. JÓNASDÓTTIR

Fjólublá stemning

Nú er fjólublár og vínráður litur að koma sterkt inn. Það er mjög fallegt að blanda saman fjólubláum lit og til dæmis brúnum lit og hafa jafnvel pínulítið af gylltum lit með.

Til að fá fallega brúna skyggingu með fjólubláum lit er gott að byrja á að dusta drapplituðum augnskugga yfir allt augnlokið, alveg upp að augabrún, bera síðan mildan brúntónalit á sjálft augnlokið og undir augað (breiða línu undir auga). Veljið fjólubláan augnskugga sem ykkur finnst fallegur. Setjið fjólubláa litinn í breiða línu ofan á augnlok og mjórri undir augað. Ég notaði MAC mattan „Purple Haze“ sem mér finnst fallegur fjólublár litur. Einnig er hægt að setja örlítið af glitrandi fjólubláum augnskugga í mjóa línu yfir þann matta í kringum allt augað. Að lokum er fallegt að bera á mikinn maskara í til dæmis svarbrúnum lit eða jafnvel fjólubláum lit.

Fallegt er að skyggja með gylltu sólapúðri í kringum andlitið og velja síðan bjartan kinnalit, varalit eða gloss í ferskjulituðum eða bleikum tón.



Fjólublátt



HELGA



Catwalk

Allt sem þarf

[er magic tan]

Magic Tan var eina brúnkuaðferðin sem hlaut 10 í einkunn af 10 mögulegum í nýlegri enskri könnun sem gerð var á vegum NOW tímaritsins.

Hér að neðan eru nýlegar umsagnir nokkurra heimsþekkra breskra tímarita og dagblaða um Magic Tan brúnkuaðferðina.

NOW: „Ég valdi miðlungsbrúnt, sem var fullkomið. Þetta er gullin brúnka og ég er ekki með neinar rákir. Allir tala um hve náttúruleg brúnkan sé. Einkunn: 10 af 10.“

The Guardian: „Ég fékk mjög djúpa og jafna brúnku. Ég varð himinlifandi yfir útkomunni, betri en allar aðferðir sem ég hef áður reynt. Einkunn: 10 af 10.“

Glamour: Eftir aðeins 45 sekúndur lítur þú út eins og þú hafir verið fríinu við Karabíska hafið. Og þar sem engir geislar koma við sögu þá er þetta öruggasta leiðin til að verða brúnn.

The Times: Hvernig var liturinn? Indislega náttúruleg og gullin brúnka.



magic
TAN®

Magic Tan - Reykjavík

Smárasól, Sporthúsinu
Dalsmára 9-11, 201 Kópavogur
Sími 567 8780

Magic Tan - Reykjanesbæ

Nuddstofan Betri líðan
Hafnargötu 48a, 230 Keflavík
Sími 421 70 10

Magic Tan - Akureyri

Snyrtistofan Vita Liberata
Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri
Sími 468 1588



ASPEN® SKIL

www.magictan-iceland.com



jólin
SAND
WOMAN



» FÆÐGIN

Hjálpar til við stærðfræðina

» Egill Jóhannsson, framkvæmdastjóri Brimborgar, og Marta Egilsdóttir eru samrýmd feðgin. Þau gera ýmislegt saman og þræta sjaldan. Egill segir Mörtu vera sjálfstæða persónu sem takist á við sín vandamál sjálf og geri það vel.

Marta er nemandi í 9. bekk í Árbæjararskóla en hún er annað af tveimur börnum Egils. Þegar þau eru spurð að því hvernig samband þeirra sé svara þau einum rómi að það sé mjög gott. Þau feðgin hafa alltaf reynt að rækta sambandið með því að gera eitthvað saman. „Við förum stundum saman í bíó og svo hjálpa ég henni mikið í lærdómnum, aðalllega stærðfræðinni. Ég get hins vegar ekkert hjálpað henni í fimleikunum öðruvísi en að hvetja hana þar áfram,“ segir Egill og Marta brosir því til samþykkis.

Egill segir að þau feðgin séu mikið saman heima fyrir. Á sumrin eru fjölskylduböndin svo bætt í útileigum. „Við förum alltaf í útilegu á hverju sumri, í svona tíu til tólf daga, með tjaldvagninn og þá er yfirleitt mjög gaman.“

Heima fyrir muna hvorki Marta né Egill eftir einhverjum sérstökum þrætumálum. Egill segir þó að Marta geti stundum verið þrjósk, sem Marta að sjálfsgöðu þverneitar fyrir. „Það hefur alltaf tekist að

ná samkomulagi. Við höfum aldrei þurft að nota neinar sérstakar aðferðir til þess að ná saman, maður bara sest hjá henni og talar við hana,“ segir Egill og bætir við að enn hafi engin „unglingavandamál“ komið upp hjá þeim. Þvert á móti telur Egill að samskipti þeirra Mörtu hafi aukist á undanförunum árum en Marta minnir þó þabba sinn á að þau hafi farið oftast í sund þegar hún var yngri.

Egill segir að Marta geti alltaf spurt hann um eitthvað sem brenni á henni. „Hún kannski spyr mig frekar út í lærdóminn eða eitthvað tengt viðskiptum og spyr þá frekar mömmu sína um eitthvað annað,“ útskýrir Egill. „Ég þarf sjaldnast að leita til einhvers annars því mér líður yfirleitt mjög vel,“ segir Marta að lokum en Egill bætir við að Marta sé yfir höfuð mjög sjálfstæð persóna sem vilji helst taka á sínum vandamálum sjálf. Hann reyni því að virða það og hingað til hafi það gengið mjög vel.

Barnaleikfimi

Lítill börn hafa gott af hreyfingu og það er ýmislegt sem foreldrar geta gert með börnunum heima. Alls kyns leikir krefjast tölverðrar hreyfingar og auka færni barna á ýmsum sviðum.

1 Hlustið á tónlist og hreyfið ykkur. Dansið, hoppið og hlaupið í hringi. Hreyfing við tónlist er góð æfing í því að ná takti og jafnvægi og er góð hreyfing fyrir börn og foreldra.

2 Farið í feluleik. Felið ykkur fyrir barninu og fáið það til að reyna að finna ykkur. Þegar þið finnst felið ykkur þá aftur á nýjum stað. Barnið eltir ykkur eins lengi og þið haldið áfram að fela ykkur. Feluleikur eykur tilfinningu barnsins fyrir rými og er góð hreyfing.

3 Skriðið í gegnum göng. Það er hægt að búa til göng heima með stólum, borðum, lókum og teppum. Börn hafa mjög gaman af göngum og það eykur tilfinningu þeirra fyrir rými og styrkir handleggi og fótleggi.

4 Rúllid bolta á milli ykkar. Það er gott að nota stóran mjúkan bolta. Þessi æfing eykur samhæfingu sjónar og handa. Barnið á ekki eftir að ná boltanum í hvert einasta skipti svo það þarf stundum að elta boltann, sem er mjög góð hreyfing.

5 Farið í smíðaleik. Berjið á eitthvað sem ekki er brothætt með leikfangahamri. Börnum finnst gaman að búa til hávaða og þessi æfing eykur samhæfingu sjónar og handa og er líka líkamsrækt. Útskýrið bara fyrir barninu hvað má berja á og hvað ekki.



Börnin vanin af bleyju

Margir foreldrar velta því fyrir sér á hvaða aldri eigi að venja barnið af bleyju. Sum börn eru hætt með bleyju innan við tveggja ára gömul og önnur ekki fyrr en þrjú ára, svo það er engin algild regla. Börn eru ólík og það er misjafnt hvenær þau eru tilbúin. Það er best fyrir foreldra sem vilja fara að losna við bleyjurnar að fylgjast með barninu því það eru nokkur atriði sem benda til þess að það sé tilbúið til þess að fara að hætta með bleyju.

1 Barninu líkar illa að vera með óhreina bleyju.

2 Barnið getur fylgt einföldum leiðbeiningum.

3 Barnið getur setið kyrrt í fimm mínútur eða meira við ákveðið verkefni.

4 Barnið veit hvenær það þarf að pissa eða kúka og getur sagt frá því.

5 Barnið vaknar með þurra bleyju og er stundum með bleyju í tvo tíma eða meira yfir daginn án þess að nokkuð komi í hana.



Gleðileg jól

með mjúkum pökkum



Glæsilegur rúmfatnaður
fyrir alla fjölskylduna
gæði, ending, þjónusta



Skólavörðustíg 21 • Sími 551 4050 • Reykjavík

Full búð af nýjum vörum

Speglar, ljósakrónur, kertastjappar, diskamottur, diskapurkur,
límmiðar, púðar, serviðttur, treflar, töskur, o.fl.

Opið virka daga kl. 12-18
Laugardaga kl. 12-16

má mí mó, Tryggvagötu 16, 101 Reykjavík, sími: 551 1808, www.mamimo.is



Satt og sannað, klárt og kannað

» Spurningin um hvaða olía sé heilsusamlegust hefur valdið heilabrotum hjá mörgum heilsuhróknum gegnum tíðina.

Þeir sem brotið hafa heilann um hina einu sönnu olíu geta nú andað léttar. Nú hafa vísindamenn borið kennsl á svokölluð snefilefni í ólífuolíu sem gera það að verkum að olían er sérstaklega holl fyrir hjartað. Efnin sem um ræðir eru samefni sem kallast fenól og verja hjarta og æðakerfið gegn bólgum og stíflum. Hlutfall þessara efna er mest í jómfrúarolíu og frumjómfrúarolíu og gætir því áhrifa þeirra mest í þessum olíum.

Vísindamennirnir góðu báru saman áhrifin af neyslu fenólríkrar ólívuolíu annars vegar og svo olíu sem hafði engin fenólefni. Við neyslu fenólríkrar olíu kom í ljós aukið magn nitroxiðs sem gerir það að verkum æðar víkka og dregst úr sýringarlagi í líkamanum.

Ekki að efnasamsetningar eða heitin á þeim skipti okkur máli, það er bara gott að komast loksins á olíubotninn í þessu máli.



Stressfrítt athvarf á fjórum hjólum

» Alla daga ársins þurfum við að glíma við bílaumferðina. Nú er hins vegar framundan hin mikla jólahátíð, sá tími sem allir eru stanslaust á ferð. Þá er gott að tileinka sér góða andlega og líkamlega líðan í bílnum sínum. Nóg verður af jólastressinu og óþarfi að bæta umferðarofsa ofan á það.

RÉTTA TÓNLISTIN FYRIR RÉTTA SKAPIÐ

Veldu góða tónlist í bílinn. Of hröð tónlist getur haft stressandi áhrif og að sama skapi getur útvarp valdið miklu áreiti sem við skynjum ekki alltaf. Passaðu líka að tónlistin sé ekki of róandi því það getur haft sljógandi áhrif á þig. Einnig má hlusta á skáldsögur eða gamanefni til að létta lundina.



HREINN BÍLL ER BETRI BÍLL

Taktu til í bílnum. Hafðu hann hreinan og fínan svo það sé betra að ferðast í honum. Settu nokkra greipaldinolíudropa í ryksugupokann og ryksugaðu bílinn hátt og lágt. Þannig losar þú um ryk og gefur góðan ilm í bílinn.



10 LEIÐIR TIL AÐ ÖRVA HEILASTARFSEMINA

- 1 Talaðu við sjálfa/n þig og legðu þig eftir að verða meðvitund/áður um hvernig þú hugsar og bregst við.
- 2 Vertu besti vinur þinn. Gefðu þér tíma til að vera ein/n með sjálfri/um þér og hugsaðu vel um þig.
- 3 Proskaðu meðfædda hæfileika þína til dæmis með því að læra að leika á hljóðfæri, lesa, kynna þér mál efni, horfa á kvikmynd, muna brandara, læra tungumál o.s.frv.
- 4 Íhugaðu viðbrögð þín áður en þú bregst við.
- 5 Mundu eftir að slaka á þannig að ró komist á heilastarfseminu.
- 6 Tjáðu tilfinningar þínar.
- 7 Vertu heidarleg/ur við sjálfa/n þig þó að það taki á.
- 8 Safnaðu litlum ánægjustundum. Kaffibolli eða símtal við góðan vin eru litlir hlutir sem veita gleði inn í augnablikið.
- 9 Slakaðu á í kyrrð í að minnsta kosti 10 mínútur á degi hverjum.
- 10 Og síðast en ekki síst, vertu dugleg/ur að hreyfa þig.



PASSAÐU BAKIÐ

Hafðu sætið í uppréttri stöðu og láttu bakið nema við sætisbakið. Notaðu þúða undir mjóhrygginn og ekki spennast upp við aksturinn. Sértu spennit/spenntur eða situr vitlaust færðu auðveldar vöðvabólgu. Fylgstu með þeim svæðum sem helst spennast upp við keyrslu og reyndu að slaka á þeim. Þeg-

ar þú bakkar skaltu ekki snúa höfðinu heldur láta nefið vísa á öxlina og snúa þér svo við. Með þessu móti teygir þú á hryggnum.



SYNGDU OG TRALLAÐU

Auðveld leið til að losna við streitu er að gefa frá sér hljóð. Engin ástæða er til að öskra, en gott er að humma, andvarpa hátt með góðri útöndun. Einnig er gott að syngja hátt og snjallt, helst falskt svo það endi með hlátri enda er hláturinn besta stresslosunin.



Frísklegri og fallelgri húð

- NeoStrata húðvörur innihalda ávaxtasýrur, en rannsóknir sýna að þær hafa verulega bættandi áhrif á húðina.
- NeoStrata húðvörurnar gefa húðinni jafnari hörundslit, heilbriggt og frísklegt yfirbragð.
- NeoStrata húðvörur eru þróaðar af húðlæknum og framleiddar eftir ströngustu gæðakröfum.

NeoStrata®

Fæst í apótekum

ENN TVEI OG ÞRÍR SÓLZI



SÓLA, ný náttúruleg snyrtivörulína frá URTASMÍÐJUNNI • Náttúruleg rotvörn úr jurtum.

Húðmjólk

Með ilmandi fjólum og rauðsmára. Mýkjandi og rakagefandi. Nærir þurra húð.

Handkrem

Nærandi olíur úr maríustakk og hafþyrni. Græða sprungur, mýkja þurrar hendur.

Fótakrem

Með vallhumli og myntu. Kælandi og frískandi fyrir þreytta og sveitla fætur.

Nuddkrem / sportkrem

Með fjallagrósum og eini. Mýkjandi og slakandi á þreytta og spennna vöðva.

Reykjav: Maður lífandi Borgartúni 24, Hæðasmára 6, Yggdrasil Skólavörðust. 16. Snýrtist. Valdís Bauganes 25A **Hafnarfj:** Fjarðarkaup, **Selfoss:** Lyfja, Keflavík: Blómaval, Ísl. markaður Leifsstöð, **Akranes:** Lyf og Heilsa, **Akureyri:** Heilsuhornid Glerártorg, Apotekarinn Hafnarstr. Urtasmiðjan Svalbarðsströnd, sími 462 4769, 861 4769 gigja@urtasmidjan.is

Evíta

Falleg gjafabréf

Gjafavöruverslunin á hárgreiðslustofunni Full búð af fjölbreyttum og fallegum vörum á góðu verði eins og litlu sætu búðirnar í Danmörku



Verið velkomin – sjón er sögu ríkari (Og svo er hægt að panta sér klippingu, eða permanent, í leiðinni)

Opið kl. 10-18 og laugard. kl. 10-14
(búðin til kl. 18.00, 17. des)

Hárgreiðsla og gjafavörur

Starmýri 2, 108 Rvík • s: 553-1900 www.evita.is

ÖÐRUVÍSI JÓLAGJAFIR



FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

REPEAT fatnaður / ZENTO skór / skart / toppar / veski / treflar / úr / LEE GALLABUXUR / INTENSIVE SPA VÖRUR FRÁ ISRAEL / LOVE LINE KREMIN FRÁ ISRAEL / HEILSUSKÓRNIR / INDULGE VARAN SEM OPRAH ELSKAR: Body Butter / Body Scrub / ilmkerfi / baðbombur og baðkokkteilar.



ZANDRA
Zandra Gardatorgi
sími 533-3931 / 899-6669

[PERSÓNULEIKAPRÓF]

Brosir þú í gegnum tárin?

Um fátt hefur verið meira rætt en hina rammíslensku ungfrú heim sem var krýnd um síðustu helgi enda þykir ágætis titill að vera talin fegurast allra. Hinsvegar þarf ungfrú heimur að hafa meira en sæta snoppu, persónuleiki hennar og lífsneisti vega jafnvel meira. Taktu prófið og sjáðu hvort þú hafir það sem til þarf að verða ungfrú heimur.

Þegar ég verð alveg súper dúper hissa þá ...



... gapi ég með munninn ofan í gólf



... titra á mér hendurnar og ég ber þær upp að andlitinu á mér



... segi ég „Nehei, nú er ég sko aldeilis hlessa“ og slæ hendinni á lær

Mér er mikilvægast í lífinu



... heimsfriður og háskólanámið mitt



... útlitið mitt og fataskápurinn



... hamingjan og skemmtilegar stundir

Þegar ég þarf að spranga um á bikiní ...



... verð ég ferlega meðvituð um mig og hef gríðarlegar áhyggjur af því að

buxurnar leiti þangað sem þær eiga ekki að fara



... spranga ég af lífi og sál og man alltaf eftir að líma bikiníbrækurnar fastar við bossann



... öfunda ég alla þá sem eru svo heppnir að fá að horfa á fallega líkamann minn og skelli mér bara í g-streng til að skyggja ekki á neitt.

Þegar ég var lítil kenndi mamma mér að ...



... krulla augnhárin, versla föt og þykjast hissa þegar ég er það ekki



... að taka slátur, spila kana og hafa gaman af lífinu



... vera bein í baki, brosa breitt og vinka eins og prinsessa

Hvernig ganga fegurárdrottningar?



... bara svona fram og til baka og snúa sér, stundum detta þær



... með annan fótinn fram fyrir hinn þannig að innri lærin fara aldrei í sundur



... dilla mjöðunum og láta brjóstin skoppa

Ef ég tæki þátt í feгурóasamkeppni væri það vegna þess ...



... að allir hvöttu mig til þess og ég veit að lífsreynslan er ómetanleg



... að ég mælti með mér sjálf í keppnina og veit að ég vinn



... að mig langar til að prófa eitthvað nýtt og komast á ball á Hótel Íslandi

Niðurstöður »

NEXT

mikið úrval af jólakortum



Niðurstöður:



Flestar demantskórónur

Dú ert náttúrulega fædd fegurðardrottning og hefur allt til að bera og meira til. Þú fæddist með ungfrú alheims kórónuna á höfðinu og sprotann í hendinni. Fyrir utan að vera með fallega sál þá kanntu líka að bera þig og haga þér í margmenni. Þú myndir heilla dómnefndina með látlausri framkomu og fá hundrað prósent traust til að bjarga heiminum án þess það stigi þér til höfuðs. Sérstu ekki nú þegar orðin ungfrú alheimur þá skaltu bara drífa þig af stað og taka þátt.

Flestar gullkórónur

Já þú hefur góða möguleika á því að verða ungfrú heimur. Þú ert allavega með rétta hjartað til þess enda ertu lífsglöð og berð hamingjuna utan á þér. Hinsvegar myndir þú kannski detta út eftir 16 manna úrslitin þar sem þér er ekki í blóð borin drottningarframkoman. En allt má læra og til að endanlega heilla dómnefndina ættir þú að fá Heiðar snyrti eða Svavar Örn til að kenna þér rétta göngulagjö og hið fullkomna vink, gerir þú það færðu kórónu að launum.



Flestar fegurðardrottningar

Ákveðir þú einhvern daginn að taka þátt í fegurðasamkeppni áttu vissulega eftir að ná langt. Þú ert með gríðarlega mikið sjálfs-traust, og þó svo sjálfstraust sé eftirsóknarvert, er auðvelt að ofgera því á þann máta að það misskiljist fyrir snobb og merkilegheit. Í fegurðasamkeppni myndir þú komast alla leið í úrslitin þar sem þér tækist auðveldlega að vekja athygli á þér. Hinsvegar er eftirsóknarvert að ungfrú heimur sé hógvær og það ættir þú að tileinka þér áður en þú mælir með þér í fegurðarsamkeppni.

og jólapappír

NEXT

NEXT / Krínglunni 4-12 / Sími 551 3200





Heimagert hátíðakonfekt

Fátt jafnast á við heimatilbúið jólasælgaeti. Hér eru nokkrar einfaldar uppskriftir sem óhætt er að mæla með.

Möndlutoppar með súkkulaði (um 40)

150 g grófsaxaðar möndlur
300 g hvítt súkkulaði eða 250 g mjólkur-/suðusúkkulaði



Hítið súkkulaði á lágum hita (sumir hita alltaf súkkulaði í vatnsbaði en lágur hiti og góður pottur er í lagi og einfaldar málið). Setjið

möndlurnar út í súkkulaðið. Setjið bókunarpappír á bókunarplötu og mótið toppana með tveimur teskeiðum. Látið súkkulaðið harðna og látið þá möndlutoppana í loftþéttu boxi. Geymið í ísskáp.

Gamaldags vanillukaramellur (um 50)

250 g sykur
2,5 dl rjómi
30 g smjör
50 g hunang
1 vanillustöng



Blandið innihaldinu saman á pönnu með þykkum botni. Hítið hægt að suðu og hrærið stöðugt í. Látið sjóða um 20 mínútur eða þangað til karamellumassinn er lítillaga farinn að dökkna. Klæðið form sem er 15x15 cm á stærð með smjörpappír, hellið karamellumassanum í formið og kælið. Þegar karamellumassinn er orðinn kaldur er hann skorinn í tveggja cm teninga. Þessar karamellur getur verið skemmtilegt að pakka til dæmis í sellófan. Geymið í loftþéttu boxi. Þessar karamellur eru mjúkar undir tönn. Geymið í loftþéttu boxi í ísskáp.



LJÓSMYNDIR/VILHELM

Konfekt úr marsípani

Marsípan
Suðusúkkulaði

bragðefni, t.d. möndluspæni, sérrí, kókosmjöl eða döðlur.

Marsípan er góður grunnur í einfalt konfekt. Þá er bragðefni af einhverri gerð hnoðað upp í það og síðan búnar til kúlur sem dýft er í bráðið suðusúkkulaði. Ef notaðar eru möndlur eða kókosmjöl er upplagt að geyma nokkrar flögur til skreytingar. Geymið konfektíð í loftþéttu boxi í ísskáp.

Harðar karamellur

1 dl rjómi
1 dl ljóst síróp
1dl sykur
1 msk. kakó
1/2 dl fínt saxaðar möndlur

Blandið öllu innihaldinu nema möndlunum saman í potti og sjóðið í um 20 mínútur eða þangað til massinn er farinn að þykkjast nokkuð. Bætið möndlunum sam-



an við og hellið massanum strax í ofnskúffu og breiðið úr honum með spaða. Brjótið karamelluna í stykki þegar hún hefur harðnað. Geymið í loftþéttu boxi í ísskáp.

Valhnetutoppar

100 g valhnetukjarnar
100 g dökkt súkkulaði

Bræðið súkkulaðið í vatnsbaði eða við vægan hita í potti. Hjúpið valhneturnar í súkkulaðinu. Látið kólna. Geymið í loftþéttu ílátii í ísskáp.



Fylltar döðlur (um 30)

30 döðlur
300 g marsípan
50 g hvítt súkkulaði
sérrí/likjör ef vill

Skerið döðlurnar endilangar og takið steinin úr. Þrýstið þá um 10 g af marsípani í hverja döðlu. Þeir sem það kjósa dreypa einnig sérrí/likjör meðfram marsípaninu. Bræðið súkkulaðið og látið renna yfir döðlurnar. Gott er að nota



rjómasprautu en ef hún er ekki til má nota st við lítinn plastpoka sem búið er að klippa örlítið gat á eða bara teskeið. Geymið í loftþéttu boxi í ísskáp.



Litlu matreiðslubækurnar frá
Altungu
... með í jólapakkana!

Of gáfaður fyrir Krókinn. Of reiður fyrir Reykjavík. Of hreinskilinn fyrir Ísland.

ROKLAND

ÍSLENSKU
BÓKMENNTA
VERÐLAUNIN

Filnefning

„Meistaralega vel sögð.“



Páll Baldvin Baldvinsson, DV

„Rokland er að minni hyggju **sterkasta bók Hallgríms** ...skrifuð af smitandi krafti og mælsku ... útkoman er ótrúlegur texti.“

Halldór Guðmundsson, Fbl.

„Í Roklandi kraumar **frásagnargleði og húnor.**“

Steinunn Inga Óttarsdóttir, Mbl.

„Rokland er **mikil skáldsaga.**“

Jón Yngvi Jóhannsson, Kastljós



E d d a

HALLGRÍMUR HELGASON



Eplailmur í húsinu

Volgar eplaskífur og heitur epladrykkur eru hin notalegasta samsetning á aðventunni.

Einn er sá siður danskur sem ekki hefur hlotið mikla útbreiðslu hér á landi en það er að baka og borða eplaskífur fyrir jólin. Eplaskífur eru nokkurs konar brauðkenndar bollur sem bragðast dásamlega með flórsykri og sultu. Ekki er flókið að baka eplaskífur en fjárfesta þarf í sérstakri pönnu sem í eru holur þar sem seigfljóttandi deigi er komið fyrir í og þeir bakaðir í vænni slettlu af smjöri. Fyrir þá sem ekki leggja í baksturinn má benda á fljótlegu leiðina. Hún er sú að kaupa poka af frosnum eplaskífum sem fást í Nóatúni. Ekki er þá annað eftir en að raða þeim á disk og hita í ofninum. Fyrir þá húslegu fylgir uppskrift að skífunum.

Eplaskífur

220 g hveiti	1/4 tsk. salt
1 tsk. sítrónubörkur	4 dl súrmjólk
1/2 tsk. matarsódi	3 egg
15 g sykur	50 g smjör

Blandið þurrefnum saman. Hrærið súrmjólk, bræddu smjöri og eggjarauðum saman við. Látið deigið bíða í 30 mínútur og bætið þá stíffþeyttum eggjahvítum saman við. Hitið pönnuna og setið smjör í hólfin. Fyllið hvert hólfa að 3/4 með d0eigi og bakið. Snúið skífunni þegar hún er bökuð á neðri hlið og bakið hina hliðina.



Með eplaskífunum er mjög gott að drekka til dæmis jólaglogg eða gott kaffi. Heitur eplajóladrykkur er líka afar góður kostur. Hér er uppskrift að honum.

Jóladrykkur Gullu

1/2 l vatn soðið	2 kanelstangir
1/2 l eplasafi	2 tsk. negulnaglar

Krydd soðið með vatninu í potti. Heitu kryddsoðinu hellt út í eplasafann, en kryddið sigtað frá.



EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF HEILSUDÝNUM

Comfort Latex



Hjónarúm með heilsudýnum

160x200 verð frá kr. 49.740.-
180x200 verð frá kr. 59.740.-



Hægindastólar með bylgjunuddi

og hita fyrir mjóbak verð frá kr. 31.900.-



Rafmagnsrúm

80x200 verð frá kr. 59.900.-
160x200 verð frá kr. 119.800.-



Verslunin Rúmgott · Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Opíð virka daga frá kl. 10-18 - laugardaga kl. 11-16

www.rumgott.is



RÓSIN MEÐ JÓLAKAFFINU

Því betur sem þú kynnist súkkulaði og undraáhrifum þess, þeim mun kröfuharðari verður þú um gæðin. Þetta þekkjum við súkkulaðiunnendur.

Cadbury uppfyllir allar langanir og þrár um gott súkkulaði. Mýktin, bragðið, flauelsmjúka áferðin – súkkulaðið sem bráðnar ljúflega í munni.

Rósamolarnir frá Cadbury eru fyrir allar bestu stundirnar, ný og ný upplifun í hverjum mola.

Ef þú vilt gera einstaklega vel við einhvern um hátíðarnar gefðu hina girnilegu rósamola með kaffinu eða færðu góðvinum þínum þá að gjöf.

Cadbury



Hálfmáni með ólífú- og skinkufyllingu

- 2 soðin egg
- 1 dl fylltar grænar ólífur
- 5 skinkusneiðar, skornar smátt
- 4 msk. mascarpone-ostur
- 3 plötur smjördeig
- Rifinn parmesan

Saxið smátt egg, ólífur og skinku. Hrærið ostinn upp til að mýkja hann og blandið öllu saman. Fletjið smjördeigið aðeins út. Stingið út hringi, um 8 cm í þvermál. Setjið um 1 msk. af fyllingu á helming hvers hrings og brjótið hringina saman. Þrýstið samskeytum vel saman með gaffli, penslið hálfmánana með hræðu egg, stráðið parmesan yfir og bakið við 220 gráður í 10-15 mínútur eða þar til deigið verður órlítið stökkt og gullið.



Smjördeigsrúllur með fetaosti

- Smjördeigsblöð
- Fetaostur að eigin vali
- Ólfa

Stappið fetaostinn. Takið smjördeigsblað, fletjið vel út. Setjið ost á enda blaðsins og rúllið því síðan upp um ostinn. Skerið í munnbita. Bakið við 200 gráður í nokkrar mínútur eða þar til osturinn mýkist og rúllurnar gullna að ofan.

SMÁRÉTTIR VIÐ ÝMIS TÆKIFÆRI

og fyrirhöfnin í lágmarki. Mismatarmikið og einn sætur moli að lokum. Allt hægt að undirbúa fyrirfram svo allir njóti veislunnar.

Ostafylltar skálar með kokteilberjum

- Smjördeigs- eða kokteil-skálar, tilbúnar
- Uppáhaldsosturinn, camembert, Kastali...
- Kokteilber

Setjið ostbita í hverja skál og eitt ber með. Setjið í 200 gráðu heitan ofn og bakið þar til osturinn er vel mjúkur.



Filippo Berio Extra Virgin ólífuolía

Einfaldlega feti framar



**FILIPPO
BERIO**

Ein sinnar tegundar í heiminum

HEILBRIGT
HJARTA



Fyrir námið upplýsingar um heilbrigða lífshátt, skilríktir þess og hvern og hvernig á að nota.



Blandaðir sveppir með chilíolíu og geitaosti

500 g sveppir, gott að blanda saman nokkrum tegundum
2 hvítlauksrif, söxuð
1 dl chilíolía (olía og 1 saxað ferskt chilí)
Geitaostur, smurostur
Hunang
Bagetta, skorin í sneiðar

Hrærið saman olíu og chilí eða notið tilbúna chilíolíu. Skerið sveppina fínt. Setjið hvítlauk á pönnu og hellið olíunni yfir. Látið hvítlaukinn aðeins mýkjast. Setjið þá sveppina saman við olíuna og mýkið þá. Smyrjið geitaostinum í þykku lagi á brauðsneiðarnar, setjið um 1 msk. af sveppablöndu yfir og dreypið nokkrum dropum af hunangi yfir. Setjið í 200 gráðu heitan ofn í 10-12 mínútur.



Mosarellakúlur með ferskum kryddjurtum

1 ferskur mosarellaostur
1 dl ferskar kryddjurtir að eigin vali
4 blöð sólþurrkaðir tómatar
4 msk. ólífuolía

Skerið ostinn í jafnstóra teninga (allra best að nota mosarella í kúlum). Setjið olíu, tómata og kryddjurtir í matvinnsluvél og maukið. Veltið mosarellakúlunum upp úr blöndunni og setjið hverja kúlu í lítið muffins- eða konfektform. Myljið örlitinn svartan pipar yfir og berið fram.

Fylltar skálar með rauðlauk, hráskinku og osti

20 smjördeigsskálar
Rauðlaukur, skorinn í þunnar sneiðar
5 hráskinkusneiðar, skornar í bita
20 bitar Emmentahler-ostur eða Ísbúi

Mýkið lauk og skinku í smá olíu á pönnu. Skerið ostinn í um 0,5 mm bita og setjið í hverja skál. Þá laukblönduna ofan á. Hitið í ofni þar til osturinn er bráðinn og berið fram.



Sterk súkkulaðitruffla

120 ml rjómi	1/4 tsk. múskat	1/2 tsk. svartur pipar
1 kanilstöng	20 g hrásykur	250 g dökk súkkulaði
35 g smjör		

Komið upp suðu á rjómanum, setjið múskat, kanilstöng og pipar saman við og látið malla í 30 mínútur. Hrærið hrásykur saman við og látið bráðna. Fjarlægjið kanilstöngina. Brjótið súkkulaðið saman við heitan rjómann, látið bráðna út í hann og hrærið á meðan. Setjið þá smjórið saman við og hrærið þar til það bráðnar. Setjið í form, getur verið betra að hafa smjörpappír undir. Hafið tæpan 1 cm á þykkt. Látið standa í kæli þar til harðnar. Skerið í tígla meðan hart og kalt og berið fram. Fallegt að velta upp úr sigtuðu kakói.



Svo gott sem heimatilbúið..!

Eftirréttir



Með nýju eftirréttunum frá Dr.Oetker getur þú boðið fjölskyldu þinni eða gestum upp á fínustu eftirrétti án þess að þurfa að eyða miklum tíma í eldhúsinu. Og það sem meira er, þeir eru svo bragðgóðir og flottir að það mætti halda að þú hafir gert þá frá grunni.



Gæði eru besta uppskrifin



Rjúpur hluti af jólunum

Á heimili Þuríðar Sigurðardóttur er haldið í jólahefðirnar og rjúpur matreiddar að gömlum sið.

„Jólin hefjast á heimilinu þegar ég byrja að steikja rjúpur,“ segir söng- og myndlistarkonan Þuríður Sigurðardóttir. Þessi ljúffenga villibráð er borin á borð á aðfangadagskvöld og er nauðsynlegur hluti af jólunum. „Það var í fyrsta skiptið í fyrra sem við höfðum ekki rjúpur og það var rosalega skrýtin tilfinning. Við höfðum reynt skoskar rjúpur jólin á undan en okkur fannst það bara ekki rétt. Í fyrra vorum við með kalkún sem er ágætur matur en kom engan veginn í staðinn fyrir rjúpunar. Þetta voru eiginlega mjög skrýtin jól.“ Fjölskyldan heldur greinilega fast í hefðirnar og það á einnig við um matreiðslu á matnum. „Við eldum rjúpunar á gamaldags hátt, eins og mamma gerði og amma þar áður. Þær eru brúnaðar upp úr smjöri og soðnar hægt í litlu



vatni, þar til þær eru við það að losna frá beinum. Með þessu er yndisleg sósa gerð úr innmatnum, brúnaðar kartöflur, rauðkál sem ég sýð sjálf, grænar baunir, asiur og Waldorfsalat.“ Eiginmaðurinn hamflettir fuglana kvöldið áður og því fylgir ákveðin stemning. „Þegar hann setur á sig svuntuna og byrjar að hamfletta er jólaundirbúningurinn hafinn,“ segir Þuríður.

Synir þeirra hjóna koma á aðfangadagskvöld ásamt tengdaforeldrum Þuríðar. „Þegar

strákarnir voru litlir las ég alltaf jólaguðspjall-
ið í barnaútgáfu áður en við settumst að borðum en sú bók er núna orðin hluti af jóla-
skrautinu. Beðið er eftir að klukkurnar hringi inn jólin og eftir það setjumst við að borðum yfir útvarpsmessunni. Í forrétt er aspássúpa, heimalöguð frá grunni, en sítrónufrómas í eftirrétt. Þegar búið er að ganga frá í eldhúsinu lesum við jólakortin og síðan eru pakkarnir opnaðir,“ segir Þuríður, sem heldur upp á jólin á sinn hátt.



B A K A R I N N
á hjólinu



Café - Konditori

GJAFIR FYRIR SÆLKERA



Bragðgóðar
gjafapakningar með
kertum, kryddum,
tónlist og öðru
góðgæti.

La Vida
Gjafir fyrir sælkera

Laugavegur 51, 101 Reykjavík sími 552 8881

Hátíðarkaffi

www.tekaffi.com



Lokkandi ljúffengan
hátíðarilm leggur frá þessari
vönduðu blöndu sérvalinna
úrvals kaffibauna.

Hátíðarkaffið er í fullkomnu
jafnvægi, hefur fágað hunangs-
mjúkt bragð, mikla fyllingu og
eftirkeim af ávöxtum og berjum.

Kaffínhugafólk ætti ekki að
láta þetta kaffi fram hjá sér fara.

Njótið vel !



TE & KAFFI

Kaffihús:
Laugavegi 24
Smáralind

Verlanir:
Kringlunni
Smáralind
Laugavegi 27
Suðurverri

Jólamatsedill *Christmas special* - Kr. 4800

Sjávarréttasalat með humri, smokkfisk og
blönduðu sjávarfangi
*Sea-food salad with lobster, squid and
mixed sea-food*

Dádýra carpaccio
Venice carpaccio

Humarrisotto
Lobster risotto

Sítrónu sorbet
Lime sorbe

Nautapíparsteik að hætti Marcello
Beef steak alla Marcello with peppersauce

Panettone og vino santo
Panettone and vino santo

Glédileg Jól — Merry Christmas

Rossopomodoro Laugavegi 40a sími 561 0500 www.rossopomodoro.is rossopomodoro@rossopomodoro.is



ROSSOPOMODORO

Freixenet

Mest selda freyðivín heims

Það er líklegt að fólk þekki vörumerkið Cordon Negro fremur en Freixenet, en Cordon Negro er mest selda þurra freyðivín á Íslandi og mest selda freyðivín heims.

Freixenet hefur fengist hér á landi um árabil og auk hins þekkta freyðivíns í svörtu flöskunni, Cordon Negro Seco, hafa verið á boðstólum Carta Nevada Semi-seco (hálfþurrt), Freixenet Rosado Brut sem er rósavínsfreyðivín og Freixenet Brut Nature sem er árgangsfreyðivín. Nýlega er svo komið á markaðinn hér á landi Cordon Negro Brut, aðeins þurrara og skarpara en Seco-vínið. Það er í nákvæmlega eins flöskum en sjá má á miðunum hvort um Seco eða Brut er að ræða.

Freixenet

Cordon Negro

Framleitt úr þrúgunum macabeo, xarel lo og parellada. Það er frísklegt, ávaxtaríkt og létt. Hægt er að neyta þess með öllum mat og er einstakt eitt og sér hvenær sem er. Verð í Vínbúðum er 990 kr. í 750 ml flöskum en einnig er hægt að fá kippu með þremur 200 ml flöskum, einnig á 990 kr.

Skötuselur með freyðivíni og villisveppum

8 bitar af skötusel
1 laukur
300 cl Cordon Negro
200 cl rjómi
80 g villisveppir
Fiskisoð

Sjóðið skötuselinn í sodinu með þunnskornum lauknum, freyðivíninu og villisveppunum. Látið suðuna koma upp en takið þá skötuselinn úr sodinu. Leyfið því að malla í smá stund, sjóðið það aðeins niður. Kryddið til og bætið við rjómanum og sjóðið aðeins niður í viðbót. Berið fram með kartöflum og grænmeti. Blanda má rækjum og skelfiski út í réttinn til skrauts og fyllingar!



Freixenet

Rosado Brut

Blanda af þrúgunum Garnacha og Monastrell. Áferðin er ljósrauð og bragðið hreint og frisklegt. Verð í vínbúðum 890 kr.

Jarðarberjarós

6 fersk jarðarber
3 cl jarðarberjalíkjör (eða annar sætur líkjör)
skvettva af appelsínusafa
ísmolar
ískalt Rosado Brut

Blandið jarðarberjunum, líkjörnum, djúsnum og ísmolunum saman í matvinnsluvél eða notið kokkteilhristara. Siið í há kokkteilglös eða þess vegna lítil björglós. Fyllið upp með freyðivíni, nota má hvort sem er Rosado Brut eða Carta Nevada. Hrærið í varlega til að ná fram sem fallegustum lit. Skreytið með myntu eða límónu.



Freixenet

Brut Nature Vintage

Eitt af bestu árgangs cava-freyðivínum sem völ er á. Þetta er eitt allra vinsælasta freyðivínið hjá spænskum neytendum enda eru gæðin mikil. Bragðið er mikið og samræmt með votti af þurrkuðum ávöxtum, smjöri og greipaldin. Hentar vel sem fordrykkur eða einn og sér við hvers kyns hátíðleg tækifæri. Einnig tilvalið með spönskum tapas-smáréttum, ljósu kjöti eða fiskréttum. Verð í vínbúðum 1.090 kr.



Freixenet

Carta Nevada Semi Seco

Fyrst framleitt árið 1941 og varð strax vinsælt. Á sjöunda áratugnum náði Carta Nevada mikilli útbreiðslu í anda þess áratugar. Þetta vín er framleitt samkvæmt hinni hefðbundnu cava freyðivínsgerð og hefur fallega ljósgyllta áferð. Verð í Vínbúðum 970 kr.

RISOTTO AL CAVA - Freyðivíns-risotto

1/2 flaska Freixenet Carta Nevada
1/2 lítri kjötsoð
400 g hrisgrjón
100 g smjör
50 g laukur, skorinn smátt
100 g parmesan-ostur

Létsteykið laukinn upp úr smjörunu. Bætið hrisgrjónunum út í og snúið vel þar til laukurin og hrisgrjónin hafa blandast vel. Hellið freyðivíninu yfir og snúið þar til hrisgrjónin hafa tekið vínið í sig. Þá er komið að því að setja kjötsoðið út í smátt og smátt þar til hrisgrjónin eru soðin en allur vökví gúfaður upp. Bætið við hrisgrjónunum tveimur mínútum áður en matseldinni er lokið. Bon appétit!



Hversu þurr/sæt eru freyðivín?

Brut
Sec (Seco)
Demi-Sec (Semi-sec)

Mjög þurr
Meðalþurr
Sætt

Þetta eru helstu flokkanimar en einnig er talað um Extra Brut sem er mjög þurrt, Extra-Sec sem er meðalþurrt og Doux sem er mjög sætt. Þessar merkingar eru mun sjaldgæfari og ágætt að leggja einföldu þrískiptinguna á minnið til að byrja með.



Kaffi sem kitlar bragðlaukana

Á jólunum þegar allt snýst um að gera vel við sjálfan sig og aðra í mat og drykk skiptir máli að eiga gott kaffi. Það sem getur fullkomnað veislumáltíðina er bolli af ilmandi kaffi með súkkulaði-, hnetu- eða kanilbragði. Í versluninum Te og kaffi og Kaffitári er boðið upp á ýmsar tegundir af jóla- og hátíðarkaffi sem svikur engan. Þeir sem ekki drekka kaffi geta hins vegar valið úr mörgum tegundum af spennandi jólatei. Svo má einnig finna úrval af gómsætu konfektí í versluninum sem er ómissandi með kaffinu, að minnsta kosti á jólum.





Hátíðarkaffi frá Te og kaffi úr blöndu sérvalinna úrvals-kaffibauna.



Sérstaklega bragðbætt jólakaffi frá Te og kaffi, með súkkulaði, kanil og heslihnetum.



Súkkulaðimöndlukaffi frá Te og kaffi.



Kandíssýkur til að hræra í teinu með, frá Kaffitári.



Hátíðakaffið frá Kaffitári er meðal annars með bragði af súkkulaði, berjum og ávöxtum.



Belgískt konfekt frá Te og kaffi.



Súkkulaðihúðaðar möndlur frá Te og kaffi.



Súkkulaðihúðaðar kaffibaunir frá Kaffitári, fyrir mestu kaffifíklana.



Súkkulaðihúðaðar heslihnetur í rómantískum umbúðum frá Kaffitári.



Hátíðlegt kaffi frá Kaffitári, bragðmiklið og kröftugt Vínarkaffi og bragðbætt Grýlkanilkaffi með bragði af heslihnetum og kanil.



Kanilsiróp frá Te og kaffi gerir kaffið enn jólalegra.



Sérblandað sæt-kryddað jólatei frá Te og kaffi.



Jólalegar teblöndur frá Kaffitári, aðventute sem er blanda af þurrkuðum ávöxtum með kanil, möndlum og engifer, jólatei með súkkulaði og kanilbragði ásamt möndlum, negul og trönuberjum og grænt jólatei með vanillu og rommbragði.

FALLEG HÖNNUN - FRUMLEG HUGSUN



anne black

búttík

Bankastræti 14



ORMSSON

Skrifstofu- og hjólmækjadeild Ormsson
er flutt í **Síðumúla 9**

SÍÐUMÚLI 9
SÍMI 530 2800

SMÁRALIND
SÍMI 530 2900

Fangaðu augnablikið! **OLYMPUS**

YOUR VISION, OUR FUTURE



FE-120

- 6.0 milljón punktar**
- 3 x Optical aðdráttur (38-114mm)
 - 4 x stafrænn aðdráttur
 - Val á milli 15 program stillinga
 - Innbeyggt flösk. Val á milli 3 stillinga
 - 1.8" skjár (upplausn 85.000 punktar)
 - Quicktime vídeotæka án hjóli
 - Innbeyggt 14 mb minni
 - USB snúra, AA rafhjóður, Camedia Master 1, 0 fornt
 - Þyngd 140g

Tilboð kr. 17.900



MJU 600 all weather

- 6.0 milljón punktar**
- 10 x Optical aðdráttur (35-105mm)
 - 3 x stafrænn aðdráttur
 - Val á milli 23 program stillinga
 - Innbeyggt flösk. Val á milli 3 stillinga
 - 2.5" LCD skjár með Bargh/Capture
 - Quicktime vídeotæka með hjóli
 - Innbeyggt 8 mb minni
 - Notar Lithium rafhjóðu
 - Þyngd 129g

Kr. 24.900

lenslenskur leiðarvisir



MJU 800 all weather

- 8.0 milljón punktar**
- 3 x Optical aðdráttur (38-114mm)
 - 5 x stafrænn aðdráttur
 - Val á milli 19 program stillinga
 - Innbeyggt flösk. Val á milli 3ja stillinga
 - 2.5" LCD skjár
 - Quicktime vídeoupptæka með hjóli
 - Notar XD minni
 - Notar Lithium rafhjóður
 - Þyngd 161.5g

Kr. 34.900

lenslenskur leiðarvisir



SP-700

- 6.0 milljón punktar**
- 3 x Optical aðdráttur (38-114mm)
 - 10 x stafrænn aðdráttur
 - Val á milli 24 program stillinga
 - Innbeyggt flösk, val á milli 3 stillinga
 - 3" LCD skjár
 - Hreyfimyndataka með hjóli
 - Notar XD minni
 - Innbeyggt 11 mb minni
 - Camedia Master fornt
 - Þyngd 140g

Kr. 29.900



SP-500 UZ

- 6.0 milljón punktar**
- 10 x Optical aðdráttur (38-380mm)
 - 5 x stafrænn aðdráttur
 - 2.5" LCD skjár
 - Val á milli 6 program stillinga og 3 manual stillinga
 - Quicktime vídeotæka með hjóli
 - Innbeyggt 10 mb minni
 - Notar AA rafhjóður
 - Þyngd 285g

Kr. 34.900



SP-350

- 8.0 milljón punktar**
- 3 x aðdráttur (38-114mm)
 - 5 x stafrænn aðdráttur
 - Val á milli 24 program og 3 manual stillinga
 - Innbeyggt flösk. Val á milli 4 stillinga
 - Flösk skór fyrir stærra Olympus flösk
 - 2.5" LCD skjár
 - Videoupptæka með hjóli
 - Innbeyggt 32 mb minni
 - Notar CR-V3 eða AA rafhjóður
 - 500 myndir á eina CR-V3 rafhjóðu
 - Þyngd 195g

Kr. 34.900

Þú segir okkur hvaða kröfur þú gerir
væðandi verð og gæði - við uppfyllum þær!



E-500

- 8.0 milljón punktar**
(Full frame transfer CCD)
- SLR
